


Menntaskólinn í Kópavogi

Ytra mat á vorönn 2023



Unnið fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið

Hjördís Þorgeirsdóttir og Sigurborg Matthíasdóttir

Ytra mat á Menntaskólanum í Kópavogi vorönn 2023

Skýrsla unnin fyrir mennta- og barnamálaráðuneytið

Hjördís Þorgeirsdóttir
Sigurborg Matthíasdóttir
Forsíðumynd: Fengin af heimasíðu MK <https://www.mk.is/>
ISBN 978-9979-0-2859-8

Heildarniðurstöður

Menntaskólinn í Kópavogi var stofnaður árið 1973 af ríkinu. Skólinn hefur fjölbreytt námsframboð, bóknám til stúdentsprófs, framhaldsskólabrú, starfsbraut, iðnnám og fullorðinsfræðslu á sviði hótél- og matvælagreina og leiðsögunám. Alls eru 894 nemendur við skólann skráðir á 17 námsbrautir auk tveggja kjörsviða innan Leiðsöguskólans. Alls starfa 95 við skólann þar af 61 við kennslu.

Í skólanum hefur, á tæplega fimmtíu ára starfstíma hans, verið mótuð stefna sem er heildstæð og tekur á flestu sem tengist skólastarfi. Í stefnu skólans segir að þar sé kappkostað að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám. Fjölbreytni skólans endurspeglar þessa stefnu vel. Stefnan er mótuð af skólastjórnendum í samráði við kennara og annað starfsfólk á kennarafundum og starfsdögum. Nemendur eða forráðamenn koma lítið sem ekkert að stefnumótun og gera þarf ráðstafanir til þess að auka aðkomu þeirra.

Skólameistari er faglegur leiðtogi skólans og nýtur ásamt aðstoðarskólameistara almennrar virðingar starfsfólks. Yfirstjórn skólans er í höndum skólameistara en samkvæmt nýju skipuriti skipa skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, kennslustjóri og framkvæmdastjóri Hótél- og matvælasólans framkvæmdastjórn skólans. Mikið og virkt samráð er meðal stjórnenda og framkvæmdastjórn auk gæðastjóra sitja vikulega fundi sem í daglegu tali eru nefndir *Ásafundir*. Á þessum fundum er fjallað um allt sem við kemur daglegum störfum, stjórnun og stefnumótun skólans. Að loknum þessum fundum er sent út rafrænt fréttabréf Ásafréttir til starfsmanna og skólanefndar.

Almenn ánægja er með stjórnendum og nýtt skipurit skólans þar sem áhersla er lögð á dreifstjórnun og aukna ábyrgð millistjórnenda í framkvæmdastjórn. Samkvæmt skipuriti munu stjórnendum hvers svið taka starfsmannaviðtöl en gert er ráð fyrir að skólameistari muni hitta allt starfsfólk á nokkurra ára fresti. Löng hefð er fyrir árlegum starfsmannaviðtölum skólameistara í skólanum. Starfsánægja og viðhorf til stjórnunar og stjórnenda er mæld árlega í könnun Gallup meðal starfsmanna ríkisstofnana um *Stofnun ársins* og í könnun ársins 2022 er skólinn einn af hástökkvurum ársins. Ekki eru þó allir á eitt sáttir og er lítil hópur kennara ennþá óánægður. Setti það svip á sum gögn, viðtöl og rýnihópa.

Fjölbreytt nám er í boði á sautján námsbrautum. Stúdentsbrautir eru fjórar og var námskrá þeirra endurskoðuð haustið 2021. Nám við Hótél- og matvælasólann er skipulagt á níu námsbrautum bæði iðnnámsbrautum og fullorðinsfræðslu í matvælum. Fullorðinsfræðslan er skipulögð í fjarnámi og staðbundnum námslotum til að gefa sem flestum á landinu kost á starfsréttindanámi. Nám í Leiðsöguskólanum er á tveimur kjörsviðum, almennri leiðsögn og gönguleiðsögn. Einnig er nám á framhaldsskólabrú og starfsbraut fyrir einhverfa nemendur. Afreksnemendur í íþróttum eru skráðir á afrekssvið til viðbótar við tiltekna stúdentsbraut og hefur þeim fjölgað síðustu ár. Nemendur í Hótél- og matvælasólannum geta ekki skráð sig á afrekssvið í íþróttum.

Kennarar eru reynslumiklir og faglega sjálfstæðir sem þeir telja lykilinn að ánægju í starfi. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi og eru nokkrir umbótaþópar starfandi á hverri önn. Kennsluhættir eru fjölbreyttir og námsmat hefðbundið. Kennslukerfið Moodle er nýtt sem námskerfi en sumir kennarar myndu vilja taka upp námskerfi Innu.

Nemendur eru ánægðir með samskipti við kennara, viðmót þeirra og hjálpsemi. Nýtt umsjónarkerfi hefur verið tekið upp við skólann og hitta nú nemendur umsjónarkennara vikulega fyrstu tvö námsárin. Þetta hefur mælst vel fyrir meðal nemenda. Nemendur eru ánægðir með aðgengi að stjórnendum, kennurum og öðrum starfsmönnum og öll samskipti virðast jákvæð og lipur.

Nemendur og kennarar eru sammála um að skólabragur sé góður og nemendum líði almennt vel í skólanum. Mælingar Rannsóknar og greiningar á ungu fólki í framhaldsskólum frá 2021 styðja þessa upplifun en þar kemur fram að langstærstum hluta nemenda líður vel í skólanum. Skólinn mun hefja samstarf við Skólalárusinn haustið 2023 til þess að geta áfram fylgst jafnt og þétt með líðan nemenda með viðurkenndu mælitæki.

Félagslíf nemenda er líflegt og fjölbreytt. Nemendafélagið lítur á sig sem félag allra nemenda skólans en er þó einkum samsett úr nemendum bóknáms og nemendum á fyrsta ári. Leita þarf leiða til þess að auka þátttöku nemenda á verknámsbrautum í félagslífi skólans.

Hús skólans er stórt en það er bjart og hlýlegt. Húsnæðið skiptist í nokkrar álmur sem byggðar eru á mismunandi tímum og hafa mismunandi hlutverk en mynda eina heild. Stofur eru bjartar, snyrtilegar og vel tækjum búnaðar bæði í bók- og verknámshluta skólans. Endurnýjun tækja er regluleg og nýjustu tæki til staðar til kennslu. Virk áætlun um endurnýjun tækja og aðstöðu og góð samskipti við atvinnulífið og innflytjendur tækja sem þarf til matargerðar og baksturs gera það að verkum að aðstaða er til fyrirmyndar og vekur aðdáun þeirra sem sækja skólann heim.

Aðstaða til líkamsræktarkennslu er ekki til staðar við skólann og gerir það stjórnendum og kennurum erfitt fyrir um að halda uppi kennslufræðilega markvissu námi í líkamsrækt og rækta með nemendum heilsuefningu til framtíðar. Taka verður undir með stjórnendum, kennurum, nemendum og skólanefnd að nauðsynlegt sé að byggja líkamsræktarhús á lóð skólans.

Almenn ánægja er með mötuneyti skólans bæði hjá kennurum og nemendum. Hollur matur er í boði og hugað er að umhverfisstefnu m.a. með því að greitt er fyrir matinn eftir þyngd. Þetta er hluti af umhverfisstefnu skólans til þess að stuðla að minni matarsóun.

Gæðastarf skólans er í föstum skorðum og allir helstu þættir skólastarfsins skoðaðir reglulega. Þrjú gæðakerfi eru nýtt af skólanum. ISO 9001:2015 tekur til almenns reksturs, HACCP er fyrir matvælahluta skólans og svo hefur skólinn tekið upp ÍST 85:2012 jafnlaunavottun. Gæðakerfin eru tekin reglulega út af utanaðkomandi aðilum. Innra mat skólans er mjög mótað af gæðastarfinu en sjálfsmat kennara og annarra starfsmanna fellur svolítið í skuggann af gagnasöfnun og fyrirfram skilgreindum úttektum. Auka þyrfti aðkomu kennara, annarra starfsmanna og nemenda að greinandi og umbótasinnuðu sjálfsmati. Sjálfsmatsskýrslur skólans undanfarin ár gefa nokkuð góða mynd af starfi skólans. Þar koma fram ýmsar gagnlegar upplýsingar og umfjöllun um starfsemina á breiðum grunni. Matsaðilar hvetja til þess að skólinn setji sér fleiri mælanleg markmið sem fylgst er með í innra mati skólans og að sett sé tímasett umbótaáætlun sem metinn er og uppfærð á hverju ári.

Skólinn hefur ekki gert kannanir á gengi útskrifaðra nemenda skólans í framhaldsnámi og starfi. Skólinn þarf nauðsynlega að bæta sem fyrst úr þessu og gera reglulega könnun sem nái til sem flestra útskrifaðra nemenda.

Skólinn leggur áherslu á að laga sig að breyttum kröfum í samfélaginu og hefur gert það til dæmis með endurskoðun á námsinnihaldi stúdentsbrauta, áherslu á afreksnám í íþróttum, rafræna ferilbók í vinnustaðanámi og stöðugt samstarf við atvinnurekendur í hótél- og matvælagreinum sem og ferðamannaþjónustu.

Efnisyfirlit

Heildarniðurstöður	2
Efnisyfirlit.....	4
Töflur	6
Myndir	7
Inngangur	8
Menntaskólinn í Kópavogi.....	10
Almenn lýsing	10
Námsframboð.....	10
Árlegur starfstími.....	12
Nemendur	13
Kennarar og annað starfsfólk	17
Niðurstöður ytra mats	19
Viðmið og vísbendingar	20
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	20
1.1. Um stefnu og áætlanir.....	20
1.2. Um stjórnendur	21
1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur	21
1.4. Um innra mat.....	22
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð.....	23
2.1. Um nám og kennslu.....	23
2.2. Um kennsluaðstæður/stuðning við nemendur	24
2.3. Um námsmat	24
2.4. Um kennara	24
2.5. Um námsgögn.....	25
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	26
3.1. Um skólabrag.....	26
3.2. Um samskipti í skólastofunni.....	26
3.3. Um félagslíf nemenda.....	27
3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn	27
3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf.....	27
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	28

Þáttur 5: Lykilárangur	29
5.1. Um námsárangur	29
5.2. Um árangur í grunnþáttum	29
5.3. Um langtímaárangur	30
Greinargerð um ytra matið	31
Umfjöllun um stjórnun og skipulag	31
Stefnumótun.....	31
Stjórnskipan og stjórnendur	34
Innra mat	39
Umfjöllun um kennslu og námsframboð.....	44
Nám, kennsla og námsmat	44
Kennarar	49
Námsgögn.....	50
Stuðningur við nemendur.....	51
Umfjöllun um samskipti og líðan.....	54
Skólabragur og líðan.....	54
Félagslíf nemenda.....	59
Önnur samskipti	61
Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað.....	63
Húsnæði og búnaður	63
Umfjöllun um lykilárangur.....	68
Námsárangur	68
Grunnþættir menntunar	68
Langtímaárangur	69
Heimildir	71

Tölur

Tafla 1 Skipting nemenda Menntaskólans í Kópavogi á tegundir námsbrauta á vorönn 2023.....	11
Tafla 2 Skipting nemenda Menntaskólans í Kópavogi á tegundir námsbrauta 2018 – 2022 eftir kyni.....	11
Tafla 3 Fjöldi nemenda við Menntaskólann í Kópavogi 2018 – 2023.....	13
Tafla 4 Þróun í innritun nýnema við Menntaskólann í Kópavogi eftir kyni að hausti frá 2018 – 2022.....	13
Tafla 5 Fjöldi nemenda Menntaskólans í Kópavogi á haustönn 2022 og vorönn 2023 eftir aldri og kyni.	14
Tafla 6 Hvaðan koma nemendur Menntaskólans í Kópavogi á vorönn 2023?.....	14
Tafla 7 Brotthvarf nemenda Menntaskólans í Kópavogi haust og vor 2018 – 2022.	15
Tafla 8 Fjöldi brautskráðra nemenda Menntaskólans í Kópavogi 2018 – 2022 eftir tegundum námsbrauta.	15
Tafla 9 Viðveruskráning nemenda Menntaskólans í Kópavogi haust og vor 2022.	16
Tafla 10 Fjöldi og stöðugildi starfsfólks Menntaskólans í Kópavogi eftir kyni vorið 2023.	17
Tafla 11 Menntun kennara við Menntaskólann í Kópavogi vorið 2023.	18
Tafla 12 Starfsmannavelta Menntaskólans í Kópavogi 2018 til 2022.	18
Tafla 13 Skipting nemenda Menntaskólans í Kópavogi á námsbrautir á vorönn 2023.....	48
Tafla 14 Umbótahópar í Menntaskólanum í Kópavogi á vorönn 2023	49

Myndir

Mynd 1 Skóladagatal Menntaskólans í Kópavogi skólaárið 2022 til 2023	12
Mynd 2 Stefnuskjöl Menntaskólans í Kópavogi	32
Mynd 3 Stefna Menntaskólans í Kópavogi	32
Mynd 4 Helstu niðurstöður stofnunar ársins, breytingar frá mælingu 2021 til 2022 – Gallup.....	34
Mynd 5 Breytingar á viðhorfi til stjórnunar undanfarin sex ár skv. Stofnun ársins.....	35
Mynd 6 Skipurit Menntaskólans í Kópavogi	36
Mynd 7 Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi	39
Mynd 8 Áætlun um kannanir og rýni frá 2022 til 2024	40
Mynd 9 Nýting á áfangamati Menntaskólans í Kópavogi.....	40
Mynd 10 Nemendur á afrekssviði haustið 2021.	45
Mynd 11 Myndir úr námsferðum Leiðsöguskólans.....	47
Mynd 12 Nýr útbúnaður fyrir nemendur Menntaskólans í Kópavogi til að taka upp hljóðvörp.....	51
Mynd 13 Samskipti við kennara - áfangamat 2021 haust og 2022 vor	55
Mynd 14 Umsjónarkennarar - nýnemakönnun 2021 haust	56
Mynd 15 Samanburður á líkamlegri áreynslu – Rannsóknir og greining	57
Mynd 16 Aukin notkun nikótínþúða í framhaldsskólum	58
Mynd 17 Styrkur til leikfélags Mennaskólans í Kópavogi	60
Mynd 18 Verknámsstofur.....	63
Mynd 19 Kaffistofa starfsfólks.....	64
Mynd 20 Bókasafnið	65
Mynd 21 Afgreiðslukerfi mötuneytis og mötuneyti nemenda.....	66
Mynd 22 Aðalnámskrá framhaldsskóla kafli 2.1.5	66

Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um ytra mat á starfsemi Menntaskólans í Kópavogi sem fram fór á vorönn 2023. Matið er liður í eftirliti mennta- og barnamálaráðuneytis með starfsemi framhaldsskóla en Menntamálastofnun annast framkvæmd ytra matsins fyrir ráðuneytið. Stofnunin réð Hjördísi Þorgeirsdóttur og Sigurborgu Matthíasdóttur sem matsaðilar og eru þær jafnframt höfundar þessarar skýrslu.

Skýrslan skiptist í tvo hluta. Annars vegar eru helstu tölulegu upplýsingar um skólann og hins vegar niðurstöður matsmanna, byggðar á mati á fimm tilgreindum matsþáttum samkvæmt viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytisins (núverandi mennta- og barnamálaráðuneyti) um ytra mat á framhaldsskólum frá 2016. Við matið er tekið mið af lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008, Aðalnámskrá framhaldsskóla 2011 og reglugerða eftir því sem við á.

Í desember 2022 sendi Menntamálastofnun Menntaskólanum í Kópavogi bréf um fyrirhugað ytra mat og var honum falið að skipuleggja vinnu við sjálfsmat með hliðsjón af því. Sjálfsmat skólans sem hér er fjallað um byggir á viðmiðum mennta- og menningarmálaráðuneytis (núverandi mennta- og barnamálaráðuneyti) um gæði skólastarfs. Viðmiðin varða fimm þætti skólastarfs; stjórnun og skipulag, kennslu og námsframboð, samskipti og líðan, húsnaði og aðbúnað og lykilárangur. Hverjum matsþætti eða hverri vísbendingu er gefin einkunn á fjögurra stiga kvarða. Matsaðilar gefa skólanum einkunnir fyrir sömu þætti og birtast þær einnig í niðurstöðum matsins.

Helstu gögn sem notuð voru við ytra matið:

- Tölulegar upplýsingar og gögn sem skólinn lagði til að ósk matsmanna. Þar má nefna upplýsingar um nemendur, námsframboð, brotthvarf, brautskráningar, starfsfólk, menntun kennara, starfstíma og ýmsar skýrslur.
- Heimasíða skólans <https://www.mk.is/> var könnuð og þangað sóttar ýmsar upplýsingar og gögn um skipulag skólans og starfsemi hans.
- Vettvangsheimsókn. Gengið um skólahúsnaðið í fylgd skólameistara.
- Viðtöl voru tekin við skólameistara, aðstoðarskólameistara, framkvæmdastjóra Hótel- og matvælkólans og formann skólanefndar.
- Rýnihópaviðtöl voru tekin við náms- og starfsráðgjafa og sálfræðing, áfangastjóra og kennslustjóra, deildarstjóra, kennara, nemendur í verknámi, nemendur í bóknámi, starfsfólk Leiðsöguskólans,

starfsfólk á starfsbraut, starfsfólk sem sinnir skrifstofu, fjármálum, kerfisstjórn, bókasafni, húsnæði og mötuneyti, formann og fulltrúa úr stjórn nemendafélags, félagslífsfulltrúa og forvarnarfulltrúa, og að lokum við skólameistara og gæðastjóra um sjálfsmat.

Viðmælendur voru 55 talsins, 31 kona og 24 karlar. Þar af var rætt við 14 nemendur, níu stráka og fimm stelpur. Viðtölin og rýnihópaviðtölin fóru fram 7. til 9. mars 2023 í Menntaskólanum í Kópavogi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma sem byggja á þeim 78 matsþáttum sem sjálfsmat skóla er grundvallað á.

Á grundvelli ofangreindra gagna fór fram greining gagna. Matsaðilar gáfu einkunnir með hliðsjón af þeim upplýsingum sem greiningin leiddi í ljós. Rökstuðning fyrir niðurstöðum má finna í greinargerð um matið síðar í skýrslunni.

Matsaðilar þakka öllum þeim sem tóku þátt í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoðuðu með öðrum hætti við gagnaöflun. Nánari upplýsingar um gögn sem skýrslan byggir á eru í heimildaskrá aftast í matsskýrslunni.

Menntaskólinn í Kópavogi

Almenn lýsing

Menntaskólinn í Kópavogi var stofnaður árið 1973 af ríkinu. Skólinn er til húsa að Digranesvegi 51, 200 Kópavogi. Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008. Skólinn er áfangaskóli með tveimur námsönnum á ári. Skólinn býður upp á bóknám til stúdentsprófs, iðnnám og fullorðinsfræðslu í hótél- og matvælagreinum, leiðsögunám, framhaldsskólabrú og starfsnám fyrir nemendur. Markmið skólans er að bjóða upp á hagnýtt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu og frekara nám. Áhersla er lögð á framsækni, nýtingu nýjustu tækni við nám, jafnréttismál og umhverfismál. Á hverri haustönn er ein vika helguð umhverfismálum og á hverri vorönn er ein vika helguð jafnréttismálum. Kjörorð skólans eru þekking, þroski, þróun og þátttaka. Í skólanámskrá segir svo um markmið skólastarfsins:

„Í skólastarfinu skal búa nemendur undir störf og frekara nám, efla færni þeirra í íslensku máli, auka með þeim ábyrgðarkennd og víðsýni, frumkvæði, sjálfstraust og umburðarlyndi, þjálf þá í öguðum vinnubrögðum, jafnrétti og gagnrýninni hugsun, kenna þeim að njóta menningarlegra verðmæta og hvetja þá til stöðugrar þekkingarleitar. Allt starf skólans endurspeglar hina sex grunnþætti náms; læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sköpun“ (Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi, almennur hluti, 2017, bls. 3).

Skólinn er heilsueflandi framhaldsskóli sem rekur sitt eigið mötuneyti og er matur seldur samkvæmt vigt. Alls stunda 894 nemendur nám við skólann á vorönn 2023. Alls starfa 95 við skólann þar af 61 við kennslu. Skólameistari Menntaskólans í Kópavogi er Guðríður Eldey Arnardóttir.

Námsframboð

Menntaskólinn í Kópavogi hefur fjölbreytt námsframboð, bóknám til stúdentsprófs, framhaldsskólabrú, starfsbraut, iðnnám og fullorðinsfræðslu á sviði hótél- og matvælagreina og leiðsögunám. Tafla 1 sýnir skiptingu nemenda á tegundir námsbrauta á vorönn 2023, fjölda nemenda og hlutfall af heildarnemendafjölda. Alls eru 894 nemendur í námi við skólann á vorönn 2023. Alls stunda 532 nemendur nám til stúdentsprófs eða 60% nemenda skólans. Þar af stunda 166 nemendur nám á sviði afreksípróttá. Alls stunda 215 nemendur nám á iðnnámsbrautum og fullorðinsfræðslu í matvælum við

Hótel- og matvælagsskólann eða 24% nemenda skólans. Nemendur á framhaldsskólabrú eru 38 eða 4% og nemendur á starfsbraut fyrir einhverfa nemendur eru 21 eða 2% nemenda skólans. Nemendur í Leiðsöguskólanum eru alls 55 eða 6% nemenda skólans. Alls eru 33 nemendur skráðir í ótilgreint nám eða 4% nemenda skólans. Sjá nánar um skiptingu nemenda á einstakar námsbrautir sem eru 17 talsins, í kaflanum Umfjöllun um kennslu og námsframboð, síðar í skýrslunni.

Tafla 1 Skipting nemenda Menntaskólans í Kópavogi á tegundir námsbrauta á vorönn 2023.

Tegund námsbrautar	Fjöldi vorönn 2023	Hlutfall vorönn 2023
Stúdentsbrautir bóknám	532	60%
Framhaldsskólabrú	38	4%
Starfsbraut	21	2%
Iðnnám og fullorðinsfræðsla	215	24%
Leiðsögunám	55	6%
Ótilgreint nám	33	4%
Alls	894	100%

Tafla 2 sýnir skiptingu nemenda Menntaskólans í Kópavogi á tegundir námsbrauta eftir kyni 2018 til 2022. Þar má sjá að strákar eru í heild fjölmennari en stúlkur öll árin og gildir það um flestar tegundir námsbrauta en munurinn er þó mestur í iðnnámi hótel- og matvælagreina.

Tafla 2 Skipting nemenda Menntaskólans í Kópavogi á tegundir námsbrauta 2018 – 2022 eftir kyni.

Tegundir námsbrauta	2018		2019		2020		2021		2022	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Stúdentsbrautir bóknám	252	244	236	220	298	243	290	231	321	257
Framhaldsskólabrú	33	23	40	25	41	21	47	18	31	14
Starfsbraut	8	3	8	7	11	7	16	10	18	7
Iðnnám	168	78	169	59	185	62	138	53	118	59
Fullorðinsfræðsla	11	21	10	35	5	50	7	27	10	28
Leiðsöguskólinn	30	29	19	21	32	21	26	27	25	35
Ferðamálagsskólinn	1	14	1	8	1	13				
Skrifstofubraut	2	10				1				
Ótilgreint nám	29	36	38	31			7	3	3	3
Samtals	534	458	521	406	573	418	531	369	526	403

Árlegur starfstími

Starfstími Menntaskólans í Kópavogi skólaárið 2022-2023 er frá 18. ágúst 2022 til 26. maí 2023. Skólaárinu er skipt í tvær annir, haustönn frá 18. ágúst til 20. desember 2022 og vorönn frá 4. janúar til 26. maí 2023, sjá mynd 1. Fjórir starfsdagar kennara eru utan þessa starfstíma. Alls er skólaárið 180 dagar, 88 dagar á haustönn og 92 á vorönn og skiptist það í 156 kennsludaga og 24 námsmatsdaga. Útskrift nemenda fer fram bæði í lok haustannar og vorannar. Skóladagatalið er aðgengilegt á heimasíðu skólans.

Menntaskólinn í Kópavogi - Starfsáætlun Skólaárið 2022 - 2023												Vorönn 2023												Sumarfrí	
Agúst	September		Október		Nóvember		Desember		Janúar	Febrúar		Mars		Apríl		Maí		Júní	Júlí						
1	1								1																
2	2								2																
3	3								3																
4	4								4																
5	5								5																
6	6								6																
7	7								7																
8	8								8																
9	9								9																
10	10								10																
11	11								11																
12	12								12																
13	13								13																
14	14								14																
15	15								15																
16	16								16																
17	17								17																
18	18								18																
19	19								19																
20	20								20																
21	21								21																
22	22								22																
23	23								23																
24	24								24																
25	25								25																
26	26								26																
27	27								27																
28	28								28																
29	29								29																
30	30								30																
31	31								31																

Arlegur starfstími nemenda í framhaldsskólum skal miðast við 180 kennslu- og námsmatsdaga.
Birt með fyrirvara um breytingar á einstökum lögum.

7.12.2022

Fjórði starfsdaga
Haust
2022

Fjórði starfsdaga
Vor
2023

Mynd 1 Skóladagatal Menntaskólans í Kópavogi skólaárið 2022 til 2023

Nemendur

Tafla 3 sýnir yfirlit yfir fjölda nemenda við Menntaskólans í Kópavogi eftir önnum árin 2018 til 2023. Nemendafjöldinn helst nokkuð stöðugur þetta tímabil en þó fækkar nemendum á milli 2018 og 2019 og einnig tímabundin fækkun á vorönn 2021 vegna COVID19.

Tafla 3 Fjöldi nemenda við Menntaskólann í Kópavogi 2018 – 2023.

	2018		2019		2020		2021		2022		2023
	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor
Fjöldi nemenda	873	832	740	782	721	808	589	889	696	929	894

Tafla 4 sýnir þróun í innritun nýnema. Taflan sýnir að fjöldi innritaðra nýnema hækkar á tímabilinu 2020 til 2022 úr 240 í 248.

Tafla 4 Þróun í innritun nýnema við Menntaskólann í Kópavogi eftir kyni að hausti frá 2018 – 2022.

Ár	Karlar	Konur
2018	77	69
2019	102	67
2020	141	99
2021	151	92
2022	139	109

Tafla 5 sýnir heildarfjölda nemenda Menntaskólans í Kópavogi á haustönn 2022 og vorönn 2023 eftir kyni og aldri. Karlar eru fjölmennari en konur í skólanum í öllum aldurshópum. Aldursbil nemenda er mjög breitt eða fólk fætt á árunum 1954 til 2007. Mikill meirihluti nemenda eða 72% eru þó á hefðbundnum framhaldsskólaaldri 16 til 19 ára. En 15% nemenda er á aldrinum milli tvítugs og þrítugs og 13% nemenda eru eldri en þrítugt, þessir nemendur eru helst í matvælanámi og leiðsögunámi.

Tafla 5 Fjöldi nemenda Menntaskólans í Kópavogi á haustönn 2022 og vorönn 2023 eftir aldri og kyni.

Haustönn 2022			Vorönn 2023		
Fæðingarár	Karlar	Konur	Fæðingarár	Karlar	Konur
2007	1	1	2007	17	17
2006	141	107	2006	140	105
2005	113	82	2005	109	74
2004	103	93	2004	101	84
2003	53	23	2003	33	17
1993-2002	56	30	1993-2002	51	32
1983-1992	27	21	1983-1992	21	20
1973-1982	16	26	1973-1982	11	20
1963-1972	9	16	1963-1972	11	18
1954-1962	7	4	1954-1962	9	4
Alls	526	403	Alls	503	391

Tafla 6 sýnir hvaðan nemendur Menntaskólans í Kópavogi koma eftir póstnúmerum vorið 2023. Um helmingur nemenda skólans koma úr Kópavogi, um 40% frá höfuðborgarsvæðinu og 10% frá öðrum landshlutum. Hótel og veitingaskólinn er leiðandi á Íslandi í menntun í hótel og matvælagreinum og sækja nemendur alls staðar af landinu það nám.

Tafla 6 Hvaðan koma nemendur Menntaskólans í Kópavogi á vorönn 2023?

Póstnúmer	Landssvæði	Fjöldi
102-162	Reykjavík	236
170	Seltjarnarnes	9
200-206	Kópavogur	429
210	Garðabær	36
220-221	Hafnarfjörður	44
225	Álftanes	7
190 og 230-262	Suðurnes	28
270-276	Mosfellsbær	15
300-360	Vesturland	10
400-470	Vestfirðir	4
530-560	Norðurland vestra	3
600-685	Norðurland eystra	12
700-755	Austurland	5
780 og 800-861	Suðurland	27
900	Vestmannaeyjar	1

Tafla 7 sýnir brotthvarf nemenda Menntaskólans í Kópavogi haust og vor 2018 til 2022. Brotthvarf nemenda minnkaði úr 4,25% í 2,5% frá 2019 til 2020 en hækkaði síðan aftur í 4,1% 2021 en þá jókst brotthvarf almennt í framhaldsskólum vegna COVID19.

Tafla 7 Brotthvarf nemenda Menntaskólans í Kópavogi haust og vor 2018 – 2022.

Ár	Haust %	Vor %	Meðaltal
2018	4,6%	1,8%	3,2%
2019	5%	3,5%	4,25%
2020	3,6%	1,4%	2,5%
2021	3,4%	4,8%	4,1%
2022	4,6%	3,1%	3,85%

Tafla 8 sýnir fjölda brautskráðra nemenda af tegundum námsbrauta haust og vor árin 2018 til 2022. Útskrifað er bæði haust og vor nema í Leiðsöguskólanum en mun fleiri nemendur útskrifast á vorin en haustin. Við sjáum fækkun í útskrift nemenda eftir COVID19 sérstaklega haustið 2021.

Tafla 8 Fjöldi brautskráðra nemenda Menntaskólans í Kópavogi 2018 – 2022 eftir tegundum námsbrauta.

Námsbraut	2018		2019		2020		2021		2022
	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Haust	Vor	Vor
Stúdentsbrautir bóknám	70	87	55	61	64	71	33	56	45
Iðnstúdent	1	0	1	0	1	0	1	1	4
Framhaldsskólabrú	0	16	0	0	0	0	0	0	0
Starfsbraut	0	1	0	2	0	3	0	2	0
Iðnnám*	39	88	42	89	36	91	25	91	67
Fullorðinsfræðsla**	0	13	13	24	18	19	0	13	33
Leiðsöguskólinn	0	43	0	35	0	30	0	27	18
Alls	110	248	111	211	119	214	59	190	167

*Bakstur, framreiðsla, kjötið, matreiðsla og meistarar

**Matartæknar og matsveinar

Tafla 9 sýnir viðveruskráningu nemenda á haustönn og vorönn 2022 sem hlutfall af heildartímafjölda. Hér sést að mæting er betri á haustönn en vorönn og óútskýrð fjarvera er sérstaklega há á vorönn.

Tafla 9 Viðveruskráning nemenda Menntaskólans í Kópavogi haust og vor 2022.

	Vorönn 2022	Haustönn 2022
Mæting	69%	78%
Veikindi	7%	7%
Of seint	1%	2%
Leyfi	3%	8%
Óútskýrð fjarvera	18%	5%
Heimakennsla	2%	

Kennarar og annað starfsfólk

Tafla 10 Fjöldi og stöðugildi starfsfólks Menntaskólans í Kópavogi eftir kyni vorið 2023.

Starfsheiti	Karlar		Konur	
	Fjöldi	Starfs- hlutfall	Fjöldi	Starfs- hlutfall
Skólameistari			1	100%
Aðstoðarskólameistari			1	100%
Áfangastjóri			1	100%
Kennslustjóri			1	75%
Framkvæmdastjóri Hótel- og matvæðaskólans	1	100%		
Fagstjóri Leiðsöguskólans			1	100%
Náms- og skrifstofustjóri			1	100%
Fjármálastjóri			1	100%
Framhaldsskólakennari/-ar	19	1850%	39	3850%
Leiðbeinandi/-ur	1	100%	2	182%
Náms- og starfsráðgjafi			2	200%
Innkaupastjóri	1	100%		
Þjónustuliði			6	600%
Þjónustustjóri			1	100%
Umsjónarmaður fasteigna	1	100%		
Forstöðumaður upplýsingatæknivers			1	100%
Kerfisstjóri	1	100%		
Deildarstjóri á starfsbraut			2	100%
Þroskaþjálfari á starfsbraut			1	100%
Stuðningsfulltrúi á starfsbraut	3	300%		
Skólafulltrúi			1	100%
Mötuneyti	1	100%	3	300%
Aðstoð á bókasafni			1	50%
Sálfræðingur			1	100%
Samtals	28	2750	67	6457

Tafla 10 hér á undan sýnir starfsheiti, fjölda starfsfólks og fjölda stöðugilda við Menntaskólann í Kópavogi eftir kyni vorið 2023. Starfsfólk er alls 95 við skólann, þar af 67 konur í 64,57 stöðugildum og 28 karlar í 27,50 stöðugildum eða 71% konur og 29% karlar. Yfirstjórnendur eru sex talsins, skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, kennslustjóri, framkvæmdastjóri Hótel- og matvæðaskólans, fagstjóri Leiðsöguskólans og náms- og skrifstofustjóri. Af yfirstjórnendum eru fimm konur og einn karl. Þau eru öll í 100% starfi nema kennslustjóri í 75% starfi og fagstjóri Leiðsöguskólans er í 75% starfi sem slíkur. Alls sinna 61 kennslu, 58 framhaldsskólakennarar og þrjú leiðbeinendur. Af þeim eru 41 eða 67% konur og 20 eða 33% karlar. Annað starfsfólk er 27 talsins sem er stór hópur og endurspeglar stærð skólans, fjölbreytt námsframboð og þjónustu. Í hópnum eru meðal annars tveir náms- og starfsráðgjafar, einn sálfræðingur,

deildarstjóri, þroskaþjálfari og þrjár stuðningsfulltrúar á starfsbraut, forstöðumaður upplýsingarvers, þjónustustjóri og sex þjónustuliðar sem sinna ræstingu og skólinn rekur sitt eigið mötuneyti með fjórum starfsmönnum.

Tafla 11 sýnir menntun kennara við Menntaskólann í Kópavogi. Kennarar skólans eru vel menntaðir og hafa fjölbreytta menntun sem endurspeglar fjölbreytt námsframboð. Aðeins þrjú kennara vantar kennsluréttindi og er einn þeirra í réttindanámi. Einnig eru stundakennarar í Leiðsöguskólanum, alls 532 stundir á vorönn 2023 og voru 239 á haustönn 2022.

Tafla 11 Menntun kennara við Menntaskólann í Kópavogi vorið 2023.

Menntun	Fjöldi kennara
MA/MS/M.Ed.-próf auk kennsluréttinda	28
BA/BS-próf auk kennsluréttinda	20
Háskólapróf án kennsluréttinda	3
Iðnmenntun	10

Tafla 12 sýnir starfsmannaveltu í Menntaskólanum í Kópavogi frá 2018 til 2022. Meðalstarfsaldur kennara við Menntaskólann í Kópavogi er 12,59 ár og hafa þeir að meðaltali 15,34 ára samantlagða starfsreynslu við kennslu.

Tafla 12 Starfsmannavelta Menntaskólans í Kópavogi 2018 til 2022.

Ár	Fjöldi ráðnir	Fjöldi hættir
2022	11	14
2021	8	16
2020	18	17
2019	11	8
2018	6	14

Niðurstöður ytra mats

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (núverandi mennta- og barnamálaráðuneyti) skilgreinir og gefur út leiðbeiningar um ytra mat í framhaldsskólum. Þar eru settir fram fimm matsþættir eða viðmið og vísbendingar um gæði skólastarfs.

Matsþættirnir eru:

1. Stjórnun og skipulag.
2. Kennsla og námsframboð.
3. Samskipti og líðan.
4. Húsnæði og aðbúnaður.
5. Lykilárangur.

Hverjum þætti er skipt niður í tvo eða fleiri undirþætti, alls 78 þætti með vísbendingum um góða starfshætti. Greindir eru styrkleikar og veikleikar í skólastarfinu og einkunnir á fjögurra stiga kvarða, A, B, C eða D gefnar fyrir einstakar vísbendingar um hvern þátt. Við matið skal taka mið af eftirfarandi kvarða:

(A) Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega kröfum laga, reglugerða og aðalnámskrár

(B) Gott verklag, flestir þættir í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá

(C) Uppfyllir lágmarksviðmið um verklag en margir þættir þarfnast úrbóta

(D) Óviðunandi verklag, þarfnast gagngerrar endurskoðunar

Skólinn metur sjálfur stöðu sína út frá ofangreindum viðmiðum og vísar í ýmis gögn máli sínu til stuðnings. Síðan er það hlutverk ytri matsmanna að sannreyna sjálfsmat skólans út frá gögnum, vettvangsheimsókn, viðtölum og rýnihópaviðtölum. Hér í skýrslunni er mat skólans merkt með „S“ og mat ytra matsmanna er merkt með „M“. Þegar aðilar eru sammála um matið er „SM“ skráð í viðkomandi reit.

Viðmið og vísbendingar

Þáttur 1: Stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverjum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Mat á stjórnun og skipulagi:

1.1. Um stefnu og áætlanir

Skólinn setur sér markmið sem byggjast á lögbundnu hlutverki hans og stefnu eins og lýst er í skólanámskrá og umbótaáætlunum í samræmi við niðurstöður úr innra mati á starfsemi hans. Í skólanámskrá er fjallað um stefnu skólans og framtíðarsýn, auk sérstöðu hans, eða sérstakar áherslur í starfi, t.d. með hliðsjón af staðháttum eða þjónustu við tiltekna markhópa. Skólameistari vinnur að stefnumótun og gerð starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir skólann til þriggja ára í senn og ber undir skólanefnd. Þar skal skilgreina nánar meginmarkmið og verkefni skólans. Markmið skólans á því tímabili snerta alla mikilvægustu þætti starfseminnar, þar á meðal nemendur, námsframboð, nám, gæði kennslu, stoðþjónustu, stjórnun, starfsmannahald og fjármál. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir áherslum skólans og leiðum til að stuðla að góðum skólabrag, þ.á m. með tilliti til grunnþáttanna sex: heilbrigðis og velferðar, lýðræðis og mannréttinda, jafnréttis, sköpunar, sjálfbærni og læsis í viðum skilningi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
1. Skólinn hefur skýra framtíðarsýn og skólastefnu.	SM			
2. Stefna skólans endurspeglast í öllum starfsháttum hans.		SM		
3. Áætlanir um það hvernig skólinn hyggst koma stefnu sinni í framkvæmd eru til staðar.		SM		
4. Það fer fram víðtækt samráð innan skólans um stefnumótun og áætlanagerð.		SM		
5. Grunnþættir menntunar eru sýnilegir í stefnu og megináherslum skólans.	SM			

1.2. Um stjórnendur

Með framkomu sinni og stjórnunarháttum hvetja stjórnendur starfsmenn og styðja við bakið á þeim. Sem fyrirmyndir velta stjórnendur fyrir sér settum markmiðum og gildum og hvetja starfsmenn til að gera slíkt hið sama. Gagnsær stjórnunarstíll sem byggist á gagnkvæmri endurgjöf, trausti og opnum samskiptum stuðlar að bættum árangri stofnunar.

Vísbendingar

	A	B	C	D
6. Skólameistari gegnir skýru faglegu leiðtogahlutverki í skólanum.	SM			
7. Það ríkir traust til stjórnenda innan skólans.		SM	S	
8. Stjórnendur virkja starfsfólk til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.	SM			
9. Stjórnendur virkja nemendur og foreldra til samstarfs um stefnu skólans og hvernig hún skuli framkvæmd.			M	S
10. Stjórnendur vinna að því að skapa traust milli sín og starfsmanna.	SM			

1.3. Um skipulag, verkferla og verklagsreglur

Stjórnendur koma stefnum og áætlunum í framkvæmd með því að forgangsraða, setja tímamörk, sjá til þess að til staðar séu viðeigandi ferli, skilgreind verkefni og stjórnskipulag. Í skólanámskrá skulu vera verklagsreglur sem gilda um meðferð og úrlausn mála, þar á meðal varðandi námsmat, fjarvistir, veikindi og sérúrræði, skólasókn og námsframvindu. Þar skulu einnig vera upplýsingar um viðurlög við brotum á skólareglum og reglur um meðferð ágreiningsmála og beitingu viðurlaga.

Vísbendingar

	A	B	C	D
11. Skipurit skólans endurspeglar raunverulega ábyrgðar- og verkaskiptingu starfsfólks.	SM			
12. Stefnan í skólanámskrá endurspeglast í starfsháttum skólans.	SM			
13. Reglulega er fylgst með því að unnið sé samkvæmt verklagsreglum skólans.	SM			

1.4. Um innra mat

Hver skóli þróar aðferðir sem taka mið af sérstöðu skólans, til að meta hvort og að hve miklu leyti markmiðunum hans hefur verið náð. Innra mat hvers skóla byggist á kerfisbundinni aðferð sem lýst er í skólanámskrá. Í starfsáætlun/sjálfsmatsáætlun skólans fyrir hvert skólaár kemur síðan fram hvaða þættir eru viðfangsefni innra mats. Til að leggja megi raunhæft mat á skólastarfið þarf að afla upplýsinga um það með margvíslegum hætti. Á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans. Leggja skal áherslu á virka þátttöku starfsfólks, nemenda, foreldra og annarra hagsmunaaðila eftir því sem á við.

Vísbendingar

	A	B	C	D
14. Skólinn hefur skilgreint skýr matsviðmið til að nota við innra mat.	SM			
15. Innra mat byggir á fjölbreyttri gagnaöflun og greiningu gagnanna.	S	M		
17. Innra mat byggir á þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.	S		M	
18. Líðan nemenda er markvisst könnuð.	S	M		
19. Innra mat skólans leiðir til skýrrar niðurstöðu um styrkleika og veikleika skólastarfsins.	S	M		
20. Niðurstöður innra mats eru markvisst notaðar við að þróa skólann.		SM		

Þáttur 2: Kennsla og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Mat á kennslu og námsframboði:

2.1. Um nám og kennslu

Í framhaldsskólum gefst nemendum kostur á að velja sér fjölbreyttar námsbrautir sem veita margs konar undirbúning og réttindi á sviði almenns náms, listnáms, bóknáms og starfsnáms. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Áhersla á hæfni nemenda að loknu námi krefst þess að nýttar séu fjölbreyttar leiðir til að meta hæfni nemenda og veita þeim leiðsögn í átt að settu marki. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Til að öðlast lykilhæfni þurfa nemendum að gefast ríkuleg tækifæri til að fást við mismunandi viðfangsefni sem tengja má starfsumhverfi og daglegu lífi. Í öllu skólastarfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
21. Skólinn hefur yfir að ráða fagmenntuðum kennurum til að kenna áfanga á námsbrautum skólans.	SM			
22. Kennsluhættir eru fjölbreyttir.	SM			
23. Kennsluhættir eru til þess fallnir að koma til móts við ólíka nemendur og ólík viðfangsefni í kennslu.		SM		
24. Kennslustundir eru vel skipulagðar og kennslutíminn vel nýttur.	SM			
25. Kennsluhættir hvetja til virkrar þátttöku nemenda í kennslustundum.	SM			
26. Kennsluhættir ýta undir sjálfstæð vinnubrögð nemenda.	SM			
27. Nemendur eru þjálfaðir í að hugsa á gagnrýninn hátt, tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri.		SM		
28. Góður vinnufriður er í kennslustundum.		SM		

2.2. Um kennsluáðstæður/stuðning við nemendur

Mikilvægt er að veita nemendum með sérþarfir kennslu og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og tók eru á að veita, samanber gildandi reglugerð um nemendur með sérþarfir. Það er ýmist gert með því að bjóða fram nám á námsbrautum fyrir fatlaða eða veita þeim sérstakan stuðning á öðrum námsbrautum framhaldsskóla. Vinnustaðanám og starfsþjálfun eiga að veita nemendum mikilvæg tækifæri til að hagnýta þekkingu sína og leikni og öðlast þar með hæfni til þátttöku í atvinnulífinu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
29. Nemendur með sérþarfir fá nauðsynlegan stuðning og þjónustu til að stunda nám.		SM		
30. Skólinn aðstoðar starfsnámsnemendur við að komast í starfsþjálfun.	SM			

2.3. Um námsmat

Megintilgangur námsmats er að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið og hvernig markmiðum þess verður náð. Með námsmati er fylgst með því hvernig þeim tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hvaða aðstoð þeir þurfa. Námsmat miðar einnig að því að afla vitneskju um árangur skólastarfsins og hvernig einstaklingum og hópum gengur að ná settum markmiðum. Tryggja þarf að allt námsmat sé þannig úr garði gert að það meti það sem á að meta á áreiðanlegan hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
31. Skólinn gerir nemendum skýra grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum.	SM			
32. Námskröfur í áföngum eru í góðu samræmi við námsmatsviðmið aðalnámskrár.	SM			
33. Niðurstöður námsmats eru notaðar markvisst til að bæta kennsluhætti.		SM		

2.4. Um kennara

Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist fyrst og síðast á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Fagmennska kennara byggist á sérfræðilegri starfsmenntun, þekkingu, viðhorfum og siðferði starfsins. Fagmennska kennara snýst um nemendur, menntun þeirra og velferð. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að miðla þekkingu til nemenda heldur einnig að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni, örva starfsgleði þeirra og efla frjóa hugsun. Kennararnir eru mikilvægasta auðlind skólans. Kennurum ber að viðhalda og auka starfshæfni sína í gegnum starfsmenntun og faglegt samstarf við aðra kennara.

Vísbendingar

	A	B	C	D
34. Kennarar sækja reglulega starfsmenntun til að viðhalda hæfni sinni í starfi.	SM			
35. Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi.	SM			
36. Kennarar nýta tækifæri til að þróa kennslu sína í samstarfi við aðra kennara innan skólans og utan.	S	M		
37. Kennarar fá reglulega endurgjöf á kennsluna frá öðrum kennurum eða matsaðilum.			SM	

2.5. Um námsgögn

Námsgögn hvers konar gegna mjög þýðingarmiklu hlutverki til að ná markmiðum skólastarfs. Námsgögn, kennsluáferðir og vinnubrögð sem skólar kjósa að viðhafa, skipulag skólastarfsins og námsmat á allt að taka mið af skilgreindum hæfniviðmiðum og grunnþáttum og vera þannig útfært að möguleikar nemenda á að ná þeim séu nýttir til hins ýtrasta. Námsgögn skulu vera fjölbreytt og vönduð og taka mið af nýjustu þekkingu á sviði menntunar- og kennslufræða. Skólasöfn gegna lykilhlutverki við að skapa skilyrði til að þroska og efla skilning nemenda á eðli upplýsinga og gagna sem þeir þurfa að hafa aðgang að í námi sínu og stuðla að frumkvæði og sjálfstæðum vinnubrögðum.

Vísbendingar

	A	B	C	D
38. Fjölbreytt og góð námsgögn eru notuð í kennslu.		SM		
39. Skólinn notar námsumsjónarkerfi með virkum hætti til að miðla námsgögnum.	SM			
40. Skólinn notar rafræn námsgögn og hjálpartæki með markvissum hætti.	SM			
41. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til verklegrar kennslu.	SM			
42. Skólinn hefur yfir að ráða fullnægjandi námsgögnum, búnaði og hjálpartækjum til bóklegrar kennslu.	SM			
43. Skólasafn skólans er búið fullnægjandi bókum og nýsigögnum auk annars safnkosts sem tengist kennslugreinum skóla.	SM			

Páttur 3: Samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Mat á samskiptum og líðan:

3.1. Um skólabrag

Jákvæður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi. Meðal grundvallarréttinda nemenda er að hafa vinnufrið í skólanum þannig að þeir geti náð sem bestum tökum á náminu og að kennslan nýtist þeim sem best. Því þarf að leggja áherslu á að skapa jákvæðan skólabrag í hverjum skóla og góðan vinnuanda í einstökum bekkjardeildum og námshópum. Stjórnendum skóla, kennurum og öðru starfsfólki ber í starfi sínu að stuðla að jákvæðum skólabrag og starfsanda í öllu skólasterfi með velferð nemenda og öryggi að leiðarljósi.

Vísbendingar

	A	B	C	D
44. Skólabragur er jákvæður og einkennist af sanngirni og virðingu.	SM			
45. Nemendum líður vel í skólanum.	SM			
46. Farið er eftir ferli við brotum á skólareglum.	SM			

3.2. Um samskipti í skólastofunni

Í öllu skólasterfi, bæði í og utan kennslustunda, þarf að styrkja nemendur til að móta sér skoðanir, viðhorf og hæfni bæði almennt og á tilteknum sviðum. Þetta gerir kröfu um að nemendur samþætti þekkingu sína og leikni, um leið og þeir fá tækifæri til að þjálfra félagshæfni, sem byggir á siðgæði og virðingu fyrir mannréttindum og jafnrétti. Gæta verður þess einnig að nemendur æfist í að tjá skoðanir sínar og skýra verklag á ábyrgan, gagnrýnn og skýran hátt.

Vísbendingar

	A	B	C	D
47. Góður andi ríkir í skólastofunni.	SM			
48. Samskipti í skólastofunni einkennast af lýðræðislegum gildum, aga og virðingu.		SM		
49. Skólinn kemur gildum sínum skýrt á framfæri við nemendur innan og utan skólastofunnar.		SM		

3.3. Um félagslíf nemenda

Í hverjum framhaldsskóla skal starfa nemendafélag sem vinnur meðal annars að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda. Það setur sér lög um starfssvið og starfshætti og starfar á ábyrgð skóla sem sér því fyrir starfsaðstöðu. Skólum er heimilt að styrkja félögin fjárhagslega og skal bókhald þeirra háð sömu reglum og bókhald skólanna. Nemendur kjósa fulltrúa í skólaráð og tilnefna fulltrúa á skólafund og áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Í skólanámskrá skulu vera upplýsingar um félagsstarf nemenda á vegum skólans.

Vísbendingar

	A	B	C	D
50. Nemendafélag skólans heldur uppi öflugum félagsstarfi fyrir nemendur.	SM			
51. Gott samstarf og skilningur er á milli nemendafélagsins og stjórnenda skólans.	SM			
52. Skólinn styður við félagsstarf nemenda.	SM			
53. Jafnrétti og lýðræði einkennir félagsstarf nemenda.		M	S	

3.4. Um samskipti við foreldra/forráðamenn

Mikilvægt er að framhaldsskólar vinni að skipulegri samvinnu heimilis og skóla. Foreldraráð skal starfa í hverjum skóla og eiga forsjáforeldrar/forráðamenn allra nemenda skólans rétt á aðild að því. Stjórn foreldraráðs tilnefnir áheyrnarfulltrúa í skólanefnd. Hlutverk ráðsins er samkvæmt lögum að styðja við skólastarfið, huga að hagsmunamálum nemenda og, í samstarfi við skólann, efla samstarf foreldra og forráðamanna ólöggráða nemenda við skólann.

Vísbendingar

	A	B	C	D
54. Forráðamenn skólans líta á foreldraráðið sem mikilvægan samstarfsaðila.			SM	
55. Foreldrar eru vel upplýstir um skólastarfið.			M	S
56. Foreldraráð styður við skólastarf og gætir hagsmuna nemenda.			M	S

3.5. Um samstarf við önnur skólastig og atvinnulíf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið leggur áherslu á sveigjanleg skil milli grunn- og framhaldsskóla og framhalds- og háskóla. Til að tryggja samfellu og stuðla að velferð nemenda er mikilvægt að milli grunnskóla og framhaldsskóla séu virk tengsl og miðlun upplýsinga eigi sér stað. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla er skólunum heimilt að bjóða upp á nám í framhaldi af skilgreindum námslokum á þriðja hæfniprepi. Framhaldsskólar skulu alltaf auglýsa nám á fjórða þrepi í framhaldsskólalæðingum. Samstarf framhaldsskóla og atvinnulífs er ferskt þess að skólakerfið geti brugðist við þörfum atvinnulífsins og jafnframt boðið upp á fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi loknu.

Vísbendingar

	A	B	C	D
57. Skráð og virk tengsl eru við grunnskólastig um nám nemenda.		SM		
58. Skráð og virk tengsl eru við háskólastig um nám nemenda.			SM	
59. Skráð og virkt tengsl eru við atvinnulíf um nám nemenda.	SM			

Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Mat á húsnæði og aðbúnaði:

Vísbindingar

	A	B	C	D
60. Kennsluhúsnæði skólans er fullnægjandi fyrir þá starfsemi sem þar fer fram.	SM			
61. Skólinn leggur sig fram um að gera skólahúsnæðið aðlaðandi.	SM			
62. Skólinn býr yfir/hefur aðgang að fullnægjandi íþróttaaðstöðu.				SM
63. Félagsaðstaða nemenda er fullnægjandi.			SM	
64. Stjórnendur, kennarar og aðrir starfsmenn eiga kost á fullnægjandi vinnuaðstöðu í húsnæði skólans.	SM			
65. Skólinn hefur fullnægjandi mótuneytisaðstöðu.	SM			
66. Tölvukostur skólans er fullnægjandi.	SM			

Páttur 5: Lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólastarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólastarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Mat á lykilárangri:

5.1. Um námsárangur

Námi við framhaldsskóla lýkur með lokaprófi sem gefur réttindi á næsta skólastig, veitir starfsréttindi eða býr nemandann með fullnægjandi hætti undir frekara nám og þátttöku á vinnumarkaði. Lokapróf eða lokaumsögn nemanda á að segja til um hversu vel nemandinn er undir það búinn að takast á hendur nám á næsta skólastig eða til starfa á vinnumarkaði. Skólinn tryggir að gerðar séu eðlilegar og hæfilegar kröfur til nemenda í námsmati. Nemandinn, viðtökuskólar og atvinnulíf getur treyst því að lokapróf meti á réttmætan og áreiðanlegan hátt hversu vel nemandanum hefur tekist að afla sér þeirrar hæfni sem ætlast er til af aðalnámskrá og skólanámskrá.

Vísbendingar

	A	B	C	D
67. Nemendur sýna ásættanlegar framfarir í námi samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
68. Útskriftarhlutfall skólans er ásættanlegt samkvæmt markmiðum skólans.		SM		
69. Skólinn hefur náð árangri í að draga úr brotthvarfi.		SM		

5.2. Um árangur í grunnþáttum

Við lok framhaldsskóla þarf nemandi að standa á eigin fótum og taka þátt í lýðræðisþjóðfélagi á sömu forsendum og aðrir. Nemendur í framhaldsskóla taka út mikilvægan þroska á framhaldsskólaárunum og framhaldsskólum ber skylda til að stuðla að því að nemendur sem ljúka námi hafi fengið tækifæri til að þroska með sér þá hæfni sem þykir nauðsynleg til að einstaklingurinn geti mótað framtíð sína á farsælan hátt fyrir sjálfan sig og samfélagið. Grunnþættir menntunar eiga að leiðbeina framhaldsskólum við að vinna að þessu markmiði en þeir eru læsi, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, sjálfbærni, heilbrigði og velferð og sköpun. Í aðalnámskrá framhaldsskóla eru grunnþættirnir tengdir við markmið sem snúa að hæfni nemenda, svokallaðri lykilhæfni. Í vísbendingum er gefinn kostur á að meta árangur nemenda á einstökum lykilhæfniþáttum ef skólinn hefur kannað þá með einhverjum skipulögðum hætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
70. Nemendur hafa tileinkað sér læsi, tjáningu og samskipti.		SM		
71. Nemendur eru skapandi í hugsun og sýna frumkvæði við hagnýtingu þekkingar.	SM			
72. Nemendur hafa tileinkað sér lýðræðisvitund og virðingu fyrir mannréttindum.	SM			
73. Nemendur hafa skilning á og sýna virðingu fyrir jafnrétti.	SM			
74. Nemendur bera ábyrgð á eigin velferð og heilbrigði.	SM			
75. Nemendur hafa skilning á sjálfbærni og eru meðvitaðir um umhverfi sitt.	SM			

5.3. Um langtímaárangur

Þjóðfélagið væntir þess að framhaldsskólar starfi með hag nemenda sinna að leiðarljósi sem og samfélagsins alls. Þetta kemur fram með tvennum hætti, að nemendur skólans nái að dafna í námi og starfi og að skólinn þróist á eðlilegan hátt sem endurspeglar aðstæður á hverjum tíma.

Fæstir skólar hafa nokkur gögn um afdrif nemenda eftir brautskráningu enn sem komið er. Þó hefur færst í vöxt að skólar haldi sambandi við fyrrverandi nemendur og kanni hvernig þeim hefur farnast t.d. með könnunum eða með upplýsingum um gengi nemenda í háskóla eða öðru námi. Eftirfarandi vísbendingar eru til þess gerðar að gefa skólum færi á að koma á framfæri upplýsingum um afdrif nemenda ef slíkar upplýsingar liggja fyrir en ekki er hægt að gera kröfu til þess að allir skólar hafi metið þessa þætti.

Vísbendingar

	A	B	C	D
76. Skólinn kannar reglulega hvernig námið hefur nýst brautskráðum nemendum.			SM	
77. Nemendur skólans ná árangri á næsta skólastigi eða í atvinnulífi, eftir eðli náms.	SM			
78. Skólinn hefur sýnt að hann lagar sig að breyttum kröfum og aðstæðum í samfélaginu.	SM			

Greinargerð um ytra matið

Hér á eftir fer greinargerð og rökstuðningur matsmanna fyrir mati þeirra á þeim fimm þáttum sem lagðir eru til grundvallar við ytra mat á Menntaskólanum í Kópavogi vorið 2023. Auk þess eru dregnir saman styrkleikar sem þeir telja einkenna skólstarfið í hverjum þætti svo og tækifæri skólans til umbóta. Viðmið sem mat hvers þáttar byggir á má sjá í ramma í upphafi umfjöllunar. Heimildir eru tilgreindar í lok skýrslunnar.

Umfjöllun um stjórnun og skipulag

Stjórnendur sem leiðtogar eiga að tryggja að stofnunin sé drifin áfram með skýru hlutverki, framtíðarsýn og grunngildum. Leiðtogar þróa, innleiða og vakta stjórnkerfi stofnunarinnar. Viðeigandi skipulag og skýr ábyrgð fyrir starfsmenn, ásamt vel skilgreindum stjórnunar-, stoð- og lykilverlum, eiga að tryggja að stefna stofnunarinnar komist með skilvirkum hætti í framkvæmd. Leiðtogar eru ábyrgir fyrir því að viðhalda og bæta árangur sem náðst hefur m.a. með því að koma á ferli stöðugra umbóta og skapa menningu sem er opin fyrir nýsköpun og lærdómi.

Stefnumótun

Skólinn starfar samkvæmt lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008) og er undir yfirstjórn mennta- og barnamálaráðherra. Stefna skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans í fjölmörgum stefnuskjölum. Í skólanum hefur á fimmtíu ára starfstíma hans verið mótuð stefna sem er heildstæð og tekur á flestu sem tengist skólstarfi s.s. menntastefnu, persónuvernd, einelti, umhverfi, heilsu og jafnrétti. Í stefnumiðaðri áætlun til þriggja ára (sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál) og skilað er inn til mennta- og barnamálaráðuneytisins eru skilgreind markmið og töluleg viðmið.

Í skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi, sem birt er á heimasíðu skólans, er sagt um stefnu, hlutverk og framtíðarsýn skólans:

Stefna Menntaskólans í Kópavogi er mótuð í stefnuskjölum skólans sem birt eru í stjórnunarhandbók og á heimasíðu skólans.

Í framhaldi af því eru birt stefnuskjöl sem taka til stefnu Menntaskólans í Kópavogi (STE-002), hlutverks Menntaskólans í Kópavogi (STE-003) og leiðarljóss Menntaskólans í Kópavogi (STE-004). Alls eru 26 skjöl sem fjalla um stefnu skólans í hinum ýmsu málaflokkum svo sem heilsustefnu, gæðastefnu, jafnréttisstefnu og forvarnastefnu.

Hlutverk og stefnur



Hér fyrir neðan má finna stefnuskjöl Menntaskólans í Kópavogi

- STE-001 Saga skólans
- STE-002 Stefna MK
- STE-003 Hlutverk MK
- STE-004 Leiðarljós MK
- STE-005 Skipurit
- STE-006 Skólanefnd
- STE-007 Heilsustefna
- STE-008 Gæðastefna
- STE-009 Forvarnarstefna
- STE-010 Jafnréttisstefna
- STE-011 Menntastefna
- STE-012 Starfsmannastefna
- STE-013 Umhverfis- og loflagsstefna
- STE-014 Vinnuverndarstefna
- STE-015 Síðareglur
- STE-016 Upplýsingatæknistefna
- STE-018 Starfsáætlun
- STE-019 Meðferð mála
- STE-020 Stjórnunarhættir
- STE-021 Innkaupastefna
- STE-022 Alþjóðastefna
- STE-023 Fjölmenningarstefna
- STE-024 Viðbragðsáætlun MK við ógnum, náttúruvá o.fl.
 - Viðauki 1 - viðbrögð í neyðartilvikum
 - Viðauki 2 - verklagsreglur og gátlistar
- STE-025 Eineltis- og áreitnistefna
- STE-026 Persónuverndarstefna

Mynd 2 Stefnuskjöl Menntaskólans í Kópavogi

Öll þessi stefnuskjöl, sjá mynd 2, eru skýr og aðgengileg og framsetning ber skýr merki þess að skólinn fylgir ISO gæðakerfi.

Í stefnu skjalinu (STE-002) er fjallað um heildarstefnu skólans og þar segir:

STE-002 Stefna MK



Stefna Menntaskólans í Kópavogi er að veita nemendum möguleika til menntunar og þroska á þeirra forsendum í framsæknum skóla. Skólinn kappkostar að bjóða hagnýtt og fjölbreytt nám sem undirbýr nemendur fyrir störf í atvinnulífinu eða frekara nám.

Menntaskólinn í Kópavogi leggur áherslu á þekkingu, þroska, þróun og þátttöku í allri starfsemi skólans með hag nemenda og starfsmanna að leiðarljósi.

Mynd 3 Stefna Menntaskólans í Kópavogi

Stefnan er mótuð af stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki í samstarfi við yfirvöld menntamála. Stefnumótunarvinna fer fram á reglulegum stjórnenda- og kennarafundum. Öðru starfsfólki en kennurum og námsráðgjöfum er frjálst að mæta á kennarafundi og taka þátt í starfi fundanna. Í rýnihópum kennara og starfsfólks kom fram að aðkoma þeirra að stefnumótun er mest á þessum fundum en þeir eru haldir u.þ.b. vikulega á starfstíma skólans.

Samráð við nemendur um stefnumótun er lítið. Nemendur eiga ekki fulltrúa í skólanefnd og skólaráð fundar mjög sjaldan. Samkvæmt 7. gr. [laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008](#), skulu skólar starfrækja skólaráð, sem skal vera skólameistara til samráðs og aðstoðar. Í skólaráði Menntaskólans í Kópavogi sitja tveir fulltrúar nemenda en ráðið er skipað fjórum stjórnendum og tveimur fulltrúum kennara. Stjórn nemendafélags kannaðist lítið við hlutverk eða starfsemi skólaráðs. Hér mætti athuga hvort ekki þyrfti að fjölga fundum í skólaráði, sjá til þess að fulltrúar nemenda komi af ólíkum sviðum skólans og nýta ráðið til aukinnar umræðu um stefnumál. Með því fengju nemendur formlega aðkomu að stefnumótun og samráð við þá væri aukið. Matsaðilar taka undir þetta og hvetja skólann til þess að leita leiða til þess. Í viðtölum segjast nemendur vera lítið spurðir um álit á ýmsum stefnumálum en telja að gera mætti meira af því að leita til þeirra. Nemendur kannast ekki við að haldnir séu skólafundir þar sem rætt er um starfsemi skólans eða stefnumál. Bæta þarf úr þessu og auka samráð við nemendur um stefnumótun.

Að mati formanns skólanefndar er samráð við skólanefnd gott. Upplýsingastreymi til skólanefndar yfir skólaárið er mjög gott að mati formanns. Nefndin fær sendar *Ásafréttir* vikulega og fær því upplýsingar um allt sem gerist. Öll helstu mál er varða skólann eru borin upp á fundum nefndarinnar og þar fer fram gagnleg umræða um stefnu skólans en aðkoma nefndarinnar að mótun stefnunnar er lítil. Formaður skólanefndar segir að skólanefnd beri fullt traust til stjórnenda skólans og telur skólann á réttri leið. Í viðtali við formann skólanefndar vildi hann láta koma fram að skólanefndin stendur einhuga á bak við baráttu stjórnenda fyrir líkamsræktarhúsi.


Þar sem ekki er starfandi virkt foreldraráð við skólann er samráð við forráðamenn um stefnumótun ekkert. Matsaðilar hvetja til þess að samráð um stefnumótun við þessa aðila verði aukið.

Við skoðun á stefnuskjölum skólans á heimasíðu kom í ljós að uppfæra þarf ýmis gögn um stefnu skólans sem birt eru á heimasíðu s.s. stefnuskjal Menntaskólans í Kópavogi og menntamálaráðuneytisins (núverandi mennta- og barnamálaráðuneyti) sem er frá 2015.

Stjórnskipan og stjórnendur

Skólinn hefur starfað frá því í september 1973 eða í nær 50 ár. Á þessum tíma hafa verið þrjú skólameistarar við skólann, sá fyrsti frá 1973 til 1993, annar frá 1993 til 2019 þegar núverandi skólameistari tók við skólanum. Núverandi skólameistari hafði rétt hafið störf þegar COVID19 byrjaði að raska skólastarfi og má segja að þessi vetur sé sá fyrsti eftir að hún hóf störf sem skólahald er eðlilegt. Starfsfólk er að venjast hefðbundnu skólahaldi eftir COVID19 og aðlagast nýjum skólameistara og þeim breytingum sem hljóta að fylgja nýjum stjórnanda. Í viðtölum við starfsfólk og nemendur kom fram almenn ánægja með stjórnendur og nýtt skipurit skólans. Þetta er endurspeglað í mælingum Gallup á stofnun ársins. Ekki eru þó allir á eitt sáttir og er lítil hópur kennara ennþá óánægður. Setti það svip á sum gögn, viðtöl og rýnihópa. Almenn er skólameistari talinn faglegur leiðtogi skólans og nýtur hún og aðrir stjórnendur virðingar langflestra starfsmanna.

Eitt af því sem gert hefur verið til þess að bæta stjórnun, taka á ósætti og gera starf skólans í þágu nemenda markvissara er að fá mannauðsráðgjafa frá Gallup til að vinna með starfsfólki skólans og fara yfir ýmislegt í starfi skólans svo sem stjórnun, samskipti og vinnuferla. Í rýnihópum kom fram ánægja með þessa vinnu.




Mynd 4 Helstu niðurstöður stofnunar ársins, breytingar frá mælingu 2021 til 2022 – Gallup

Mælingar á viðhorfi starfsfólks til stjórnunar skólans gefa til kynna að það hefur tekið tíma fyrir kennara og annað starfsfólks skólans að aðlagast nýjum áherslum og vinnubrögðum. Þær sýna einnig að markviss

vinna við að bæta stjórnun, samvinnu og að sætta hópa hefur borið árangur þó enn sé nokkur vinna fram undan í þeim eignum. Allir þættir sem mældir eru undir þættinum *viðhorfi til stjórnunar* hafa færst til betri vegar samkvæmt þessum mælingum, sjá mynd 4.

Milli árunna 2021 og 2022 hefur ánægja með stjórnun aukist um 86 stig af 500 eða um 17%. Þáttur stjórnunar sýnir mesta jákvæða breytingu frá síðustu mælingu. Viðhorf til stjórnunar skólans er nú betra en þegar núverandi skólameistari hóf störf.


Í könnun Gallup um Stofnun ársins sést hvernig viðhorf til stjórnunar skólans hefur verið undanfarin sex ár eða frá því skólinn hóf að taka þátt. Ánægja með stjórnun eykst fram til 2019, dalar svo en er í mælingum ársins 2022 orðin hærri en hún hefur verið frá því Menntaskólinn í Kópavogi fór að taka þátt árið 2016, sjá mynd 5.



Mynd 5 Breytingar á viðhorfi til stjórnunar undanfarin sex ár skv. Stofnun ársins

Einn afrakstur af vinnu með Gallup er endurnýjað skipurit skólans og aukin dreifstjórnun. Skólameistari er yfirmaður alls skólans en undir honum starfa fjórir stjórnendur sem hafa mannaforráð með umboði frá skólameistara. Þetta eru aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, skrifstofustjóri og framkvæmdastjóri Hótel- og matvælskólans. Auk þess eru tíu einstaklingar og svið sem heyra beint undir skólameistara m.a. kennslustjóri, gæðastjóri, leiðsöguskólinn, umsjónarmaður fasteigna og innkaupastjóri.

Nýja skipuritið og fylgiblöð þess gefur mjög skýrt og gott yfirlit yfir stjórnun og starfsemi skólans og hvert á að leita með hin ýmsu málefni, sjá mynd 6.



Mynd 6 Skipurit Menntaskólans í Kópavogi

Framkvæmdastjórn skólans skipa aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, framkvæmdastjóri Hótel- og matvæðaskólans, skrifstofustjóri og kennslustjóri auk skólameistara. Framkvæmdastjórnin hittist á vikulegum fundum og fer yfir helstu verkefni, skipulag og áætlanir. Þessir fundir eru óformlega kallaðir Ásafundir (nafnið á rætur í því að áður voru þetta fundir áfangastjóra, skólameistara og aðstoðarskólameistara) og í kjölfar funda eru sendar út rafrænar *Ásafréttir* til alls starfsfólks. Almenn ánægja er meðal starfsfólks með *Ásafréttir* sem sagt var gefa góðar upplýsingar um það sem gerist í skólanum og hvað er framundan.

Í viðtölum við starfsfólk og nemendur kom fram almenn ánægja með nýtt skipurit. Þeir sem voru ánægðir nefndu að nú væru boðleiðir styttri þar sem yfirmaður þeirra samkvæmt skipuriti hefði klárt umboð frá skólameistara um ákvörðunartöku. Þeirra yfirmaður væri einnig betur inni í málefnum þeirra sviðs sem gerði þeim auðveldara að ræða jákvæða og neikvæða þætti í starfinu. Jákvætt viðhorf til þessara breytinga er staðfest í könnun Gallup *Stofnun ársins*. Mest bæting frá fyrra ári er varðar stjórnun er í undirþætti þar

sem spurt er um næsta yfirmann. Jákvæð svör við spurningunni *Næsti yfirmaður minn er sanngjarn við starfsfólk* hafa aukist um rúm 18% milli ára eða +88 stig af 500.

Einnig kom fram að þó almenn ánægja væri með nýjan framkvæmdastjóra Hótel- og matvæskólans væri óljóst með stöðu áfangastjóra verknáms í skipuritinu. Kennarar Hótel- og matvæskólans töldu að ef það yrði til framtíðar væri fagleg forysta Hótel- og matvæskólans lítil sem engin. Þau kölluðu eftir því að áfram yrði faglegur stjórnandi í stjórn Hótel- og matvæskólans.

Í skipuritinu er tekið fram að leiðsöguskólinn og starfsbraut séu sjálfstæðar einingar en svolítið óljóst hvað það felur í sér þegar horft er til starfsbrautar sem sett er undir áfangastjóra í nýju skipuriti.

Ánægja er með nýtt skipurit hjá starfsfólki og stjórnendum starfsbrautar. Í rýnihópi kom fram að ný staðsetning í skipuriti með áfangastjóra sem yfirmann gefi þeim tækifæri til þess að setja einn ákveðinn stjórnanda í yfirstjórn skólans vel inn í málefni brautarinnar. Þannig komist upplýsingar um starfsemi brautarinnar betur á framfæri og með upplýstari stjórnendum séu aukin tækifæri til þess að mikilvægi starfsins skili sér.

Námsráðgjafar eru óánægður með að heyra ekki lengur beint undir skólameistara þar sem starfið væri þess eðlis að það ætti að heyra beint undir hann. Engin óánægja er með næsta yfirmann en þetta er meira spurning um staðsetningu námsráðgjafar í skipuritinu og um leið sjálfstæði sviðsins.

Fagstjóri Leiðsöguskólans er ekki ánægður með skipan mála skólans samkvæmt skipuritinu. Leiðsöguskólinn er sjálfstæð eining sem ekki hefur formleg tengsl við aðrar deildir skólans en fellur undir skólameistara og þar undir er einnig sett ýmis misumfangsmikil stoðþjónusta. Skólinn starfar mjög sjálfstætt og er með starfsfólk sem kemur bæði úr hópi starfsfólks skólans og utan frá. Yfirmaður Leiðsöguskólans er titlaður fagstjóri en hefur mikið víðara starfssvið en starfsheitið fagstjóri gefur til kynna í öðrum framhaldsskólum. Undir fagstjóra Leiðsöguskólans falla öll mál Leiðsöguskólans hvort heldur er innritun eða skipulag bóklegrar- og verklegrar kennslu. Fagstjóri Leiðsöguskólans telur að skólinn sé hálfgerð hornreka nú um stundir. Lítil samskipti eru við aðra stjórnendur Menntaskólans í Kópavogi. Skoða þarf starfsemi og staðsetningu Leiðsöguskólans í skipuriti og stjórnun Leiðsöguskólans m.t.t. umfangs og sjálfstæði skólans. Formfesta þarf samskipti fagstjóra Leiðsöguskólans og skólameistara. En í rýnihópi starfsfólks Leiðsöguskólans er ánægja með störf fagstjórans og staðsetningu skólans í Menntaskólanum í Kópavogi.

Viðtöl eru tekin við starfsfólk á hverju ári. Löng hefð er fyrir reglulegum viðtölum í Menntaskólanum í Kópavogi og lengst af hefur það verið skólameistari sem leitt hefur slík viðtöl. Samkvæmt nýja skipulaginu er gert ráð fyrir að fleiri komi að viðtölum við starfsfólk. Gert er ráð fyrir að þeir fjórir stjórnendur sem hafa mannaforráð með umboði frá skólameistara taki viðtöl við starfsfólk. Þetta eru aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, skrifstofustjóri og framkvæmdastjóri Hótel- og matvæðaskólans. Almenn ánægja er með þá tilhögun en margir töldu þó að gott væri ef þau ættu kost á að fá viðtal við skólameistara sum árin. Í viðræðum við skólameistara kom fram að gert væri ráð fyrir því að hún tæki viðtöl við allt starfsfólk á ákveðnum ára fresti.

Í yfirstjórn skólans (sem einnig er kölluð framkvæmdastjórn) eru fimm konur og einn karl. Konur eru einnig í meirihluta kennara skólans þó að í verknámshlutanum séu fleiri karlkennarar. Í nemendhópnum eru karlar hins vegar í meirihluta bæði í verk- og bóknámi. Hafa þarf í huga að samsetning stjórnendahópsins er ákveðin fyrirmynd fyrir nemendur og starfsfólk. Skólinn hefur unnið að jafnréttismálum jafnt og þétt í gegnum árin var til dæmis með fyrstu framhaldsskólum til þess að halda sérstakar jafnréttisvikur og fyrstur framhaldsskóla til þess að fá jafnréttisviðurkenningu árið 2007.

Á undanförunum árum hefur orðið þó nokkur endurnýjun í starfsmannahópnum, ekki síst meðal stjórnenda. Almenn ánægja er með stjórnendur skólans en enn má greina að hópur starfsmanna er óánægður með störf skólameistara. Þessi hópur er ekki stór en hefur áhrif á allan starfsanda í skólanum. Brýnt er því að áfram verði unnið að því að setta hópinn og leysa þessi mál. Í viðtali við skólameistara kom fram að vinna með mannauðsráðgjöfum Gallup myndi halda áfram á næsta skólaári.

Samráð um skólastarfið og stefnumótun fer fram á kennarafundum sem eru á dagskrá vikulega. Á þeim fundum er fjallað um dagleg störf og stefnumótun en einnig eru reglulega utanaðkomandi fræðsluerindi sem talin eru eiga erindi til starfsfólks. Tveir stokkar eru lausir til funda í hverri viku og er annar gjarnan nýttur í kennarafund en hinn í aðra óformlegri fundi.

Til þess að halda öðru starfsfólki en kennurum upplýstum um málefni sem fjallað er um á kennarafundum fær allt starfsfólk fundarboð á kennarafundi og geta því mætt ef þau hafa áhuga. Vikulega eru haldnir fundir með starfsfólki stoðþjónustu. Þessir fundir ganga undir nafninu „Mínúta á mann“. Eins og vísað er til í nafninu á fólk að vera stuttort því fundirnir eiga ekki að vera langir. Á þeim er því viðhöfð stíf fundarstjórn. Fundirnir eru til upplýsingar um hvað er á döfinni svo allir séu með á nótunum. Upplýsingar frá þessum fundum eru sendar til alls starfsfólks.

Innra mat

Fyrsti starfshópur skólans um „Innra eftirlit og gæðastjórnun í MK“ var settur til starfa árið 1996 en sama ár var sett í lög að skólar ættu að innleiða aðferðir til sjálfsmats. Frá árinu 2002 hefur gæðaráð stjórnað gæðamálum skólans og í dag hefur gæðastjóri umsjón með því starfi.

Í sjálfsmatsskýrslu skólans er gæðakerfi skólans lýst þannig:


Gæðamál Menntaskólans í Kópavogi byggja á þrem gæðakerfum sem skólinn rekur. Þau eru ISO 9001:2015 (almennur rekstur), ÍST 85:2012 (jafnlaunavottun) og svo HACCP gæðakerfi fyrir matvælahluta skólans. Öll eru þessi gæðakerfi tekin reglulega út af utanaðkomandi aðilum. Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi gera ráð fyrir stöðugu innra mati, eftirliti og umbótum í starfi skólans. Stöðugt er unnið að bætri virkni gæðakerfa með því að beita gæðastefnunni, gæðamarkmiðum, niðurstöðum úttekta, greiningu gagna, úrbótum, forvörnum og rýni stjórnenda.

Mynd 7 Gæðakerfi Menntaskólans í Kópavogi

Þar segir einnig að gæðastjórnunarkerfin séu einskonar leiðarvísir um allt starf skólans. Gæðastjórnunarkerfið ISO 9001:2015 kallar á að rýnt sé í alla almenna starfsemi og kennslu í dagskóla reglulega og að gögnum sé safnað um skólastarfið jafnt og þétt. Þetta starf að viðbættu HACCP gæðakerfi fyrir matvælahluta skólans og jafnlaunakerfinu eigi að sjá til þess að innra mat sé samfelld og umbætur fylgi í kjölfarið á innri rýni.

Gæðaráð er skipað framkvæmdastjórn (stjórnendaráð) auk gæðastjóra og hittist þau á vikulegum fundum. Á fundum gæðaráðs er farið yfir allt sem við kemur rekstri og endurnýjun gæðakerfanna. Mikil vinna hefur átt sér stað við að koma upp og aðlaga ISO 9001 að fjölbreyttu starfi skólans. Heilmikil vinna fer enn fremur í að viðhalda kerfinu með þeirri endurnýjun sem nauðsynleg er til þess að það fylgi breytingum í skólastarfi. Ytri úttektaraðili tekur út ISO 9001 árlega. Gæðakerfin sjá til þess að gögnum er safnað á skilvirkan og reglubundin hátt um alla þætti skólastarfsins. Regluleg og vel skilgreind gagnasöfnun nýtist skólanum vel. Samkvæmt gæðastjóra felst reglulegt sjálfsmat í því að lagt er fyrir nemendur áfangamat og nýnemakönnun. Kennsluáætlanir eru metnar um miðja önn með miðannarskýrslu og í lokin með lokamati. Gæðaráð gerir einnig kannanir reglulega, bæði kennslu- og þjónustukannanir.

Á heimasíðu skólans má nálgast „Áætlun fyrir kannanir á viðhorfi viðskiptamanna, og innanhúsathuganir innkaupa og húsæðis vor og haust önn árin 2022-2024“. Þetta skjal gefur gott yfirlit yfir hvenær og hvað er skoðað reglulega, sjá mynd 8.

NR: GAT-003A Útgáfa 5 Dags: 23.03.2022 Höfundur: GV Samþykkt: GE Skjal þetta er 3 bls.		Menntaskólinn í Kópavogi Áætlun fyrir kannanir á viðhorfi viðskiptamanna, og innanhúsathuganir innkaupa og húsnæðis vor og haust önn árin 2022-2024																	
Markmiðið með neðangreindri áætlun um kannanir og rýni skjala er að móta gæðahugsun skv. ISO staðlinum og ná fram stöðugum umbótum á allri starfsemi Menntaskólans í Kópavogi þ.e. að starfrækja gæðakerfi er vinnur með stöðugar umbætur og tryggir að farið sé að VKL-404 um úrbætur og forvarnir og þannig sé tryggð stöðug vöktun og mæling á öllum ferlum innan MK sbr. kafla 8 í ISO staðlinum. Sérstaklega er hér gerð áætlun um uppfyllingu krafna í verklagsreglu VKL-402 um áfangamat og þjónustukönnun ; VKL-213 um innkaupaeftirlit og VKL-214 um reglulega úttekt á húsnæði skólans.																			
				Mánuður															
				Ár	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12			
1. Áfangamat		Tengd skjöl																	
Könnun meðal nemenda á kennslu, skipulagi, samstarfi og vinnu í einstökum áföngum skv. framhaldsskólaryni, sjálfsmatslíkani fyrir framhaldsskóla		VKL-402 VKL-301		2022															
				2023															
				2024															
2. Starfsmannasamtöl																			
Skólameistari ræðir við kennara í framhaldi af áfangamati eftir atvikum þar sem greindar eru veikar og sterkar hliðar í starfi, starfsþróun og markmiðssetning til framtíðar. Stent skal að viðtölum við 12 kennara á hverri		VKL-205 LSM-001 LSM-002 GAT-010		2022	X	X													
				2023	X	X													
				2024	X	X													
3. Móttaka nýrra kennara																			
Rýnivíðtöl kennslustjóra og nýrra kennara um móttöku, aðbúnað og stöðu mála		GAT-017		2022															
				2023	X														

Mynd 8 Áætlun um kannanir og rýni frá 2022 til 2024

Samkvæmt sömu lögum ber framhaldsskólum að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um úrbætur. Sjálfsmatskýrsla skólans fer ágætlega yfir áfangamat, nýnemakönnun, brotthvarf og ýmsa þætti sem rýndir eru í starfi skólans. Upplýsingarnar eru þó meira lýsandi en greinandi. Til þess að lesandi skýrslunnar hafi fullt gagn af lestrinum þarf að birta gæðamarkmið skólans en þau er ekki að finna á heimasíðu skólans. Markmiðin gefa viðmið sem nauðsynleg eru til þess að greining gagna úr sjálfsmati fái samhengi við niðurstöðu ársins. Ýmis gagnagreining og umbótastarf þyrfti að koma fram í sjálfsmatskýrslu því mikið umbótastarf fer fram í skólanum og þó ekki sé hægt að segja frá öllu gætu sjálfsmatskýrslur nokkurra ára gefið skýrari mynd af starfsemi skólans.

Í sjálfsmatskýrslu eru birt meðaltalssvör nemenda við áfangamati skólaársins. Um áfangamatið og nýtingu þess segir í sjálfsmatskýrslu:

Spurningarnar snúa annarsvegar að nemandanum sjálfum en hinsvegar að kennaranum. Allir kennarar sem lenda í áfangamati fá sína niðurstöðu sundurliðaða og fá þannig mat nemenda á kennslunni, námsefni, skipulagi og samskiptum við nemendur. Fari heildarmat kennara niður fyrir 7 skulu kennari og skólameistari –skv. gæðamarkmiðum skólans – gera með sér sérstaka umbótaáætlun.

Mynd 9 Nýting á áfangamati Menntaskólans í Kópavogi

Í áfangamati eru allar kennslugreinar og kennarar metnir reglulega. Undanfarin tvö skólaár hafa allir áfangar farið í áfangamat árlega. Tekið er fram að fari heildarmat kennara niður fyrir sjö skuli kennari og skólameistari gera með sér sérstaka umbótaáætlun. Ekki kemur fram hvaða skali er notaður eða hvernig einkunnin er reiknuð. Spurningar áfangamatsins snúa að nemandanum, áfanganum og kennaranum.

Hluti sjálfsmats kennara er einnig mat á því hvort kennsluáætlun hafi gengið eftir. Þetta mat er gert um miðja önnina í miðannarskýrslu til gæðastjóra og svo tekur hver kennari sinn áfanga í svokallað lokamat í lok annar og skilar um það skýrslu. Sú skýrsla getur verið misumfangsmikil frá því að segja að allt hafi gengið samkvæmt kennsluáætlun í það að skýra frávik í lengra máli. Í lok annar kemur svo deildarstjóri í viðtal við skólameistara þar sem farið er yfir hvernig hefur gengið í þeirri deild sem um ræðir. Deildir funda í lok annar og rýna starfið og skila því svo áfram til skólameistara. Áfangamat stærri námsgreina, t.d. íslensku og ensku er dregið saman og þær tölur skoðaðar sérstaklega. Ef fall fer yfir 30% í einhverjum áfanga þarf kennari að gera grein fyrir hvað gæti valdið í samtali við stjórnendur. Samkvæmt gæðahandbók tekur gæðastjóri tilviljunarkennt úrtak áfanga í sérstaka skoðun í lok hvernar annar. Þá eru skoðaðir hlutir eins og yfirferð og samsetning einkunna, hvort námsmat sé í samræmi við kennsluáætlun, rakin tengsl undireinkunna annarinnar og lokaekunnar. Rýnifundur er haldinn á hverri önn um starf síðustu annar. Þar er farið yfir hvernig gekk og hvað má bæta. Á starfsdögum á vorin er svo rýnt í starf ársins. Þá eru haldnir deildarfundir og að þeim loknum fundar skólameistari með deildarstjórum um m.a. um fall og úrsagnir. Við skólann eru einnig að jafnaði starfandi umbótaþópar starfsmanna. Á líðandi skólaári eru umbótaþóparnir 14 og eru að fjalla um ýmis mál s.s. félagslíf nemenda og frekari þróun fjarnáms, sjá nánari umfjöllun í kaflanum um kennslu og námsframboð.

Áfangamat og skýrslur tengdar kennsluáætlun er helsta aðkoma kennara að innra mati. Fulltrúar kennara og/eða annars starfsfólks er þó kallað til samráðs ef stofnaður er vinnuhópur vegna könnunar sem snýr að þeirra sviði. Nemendur eða foreldrar/forsjáraðilar eru ekki kallaðir til vegna vinnu að innra mati. Samkvæmt heimasíðu skólans er gæðaráð skipað sama fólki og myndar framkvæmdastjórn/stjórnendaráð auk gæðastjóra. Gæðamál eru á dagskrá þessa hóps í hverri viku. Hlutverk gæðaráðs er samkvæmt þessari lýsingu samofið daglegri stjórnun skólans. Það hefur ákveðna kosti en um leið þann ókost að starfið verður meira í anda gæðastjórnunar en innra mats þar sem verið er að skoða og greina hvernig starfið gengur. Einnig veldur þetta fyrirkomulag því að erfitt er fyrir fleiri aðila en stjórnendur að vinna að sjálfsmati.

Skiljanlegt er að starfsfólk, nemendur og foreldrar/forsjáraðilar geti ekki komið að starfi gæðaráðs þar sem þar er oft fjallað um viðkvæm mál. Því hvetja matsaðilar til þess að settur verði á stofn sjálfsmatshópur sem vinni að innra mati (sjálfsmati) með virkri þátttöku starfsfólks, nemenda og foreldra/forsjáraðila eftir

Því sem við á eins og sagt er fyrir um í 41. gr. í lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá 12. Júní 2008. Sjálfsmatshópur skoðar innra mat skólans í víðara samhengi en gæðaráð. Þá fá fulltrúar kennara, annars starfsfólks, foreldra/forsjáraðila og nemenda aðkomu að skipulagi og framkvæmd sjálfsmats skólans auk þess sem einnig verði nýttir kostir gagnaöflunar gæðakerfanna.

Samkvæmt sömu lögum ber framhaldsskólum að birta opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um úrbætur. Sjálfsmatsskýrsla skólans fer ágætlega yfir áfangamat, nýnemakönnun, brotthvarf og ýmsa þætti sem rýndir eru í starfi skólans. Upplýsingarnar eru þó meira lýsandi en greinandi. Birta þarf gæðamarkmið skólans á heimasíðu svo viðmið skólans í innra mati séu aðgengileg. Markmiðin gefa viðmið sem nauðsynleg eru til þess að greining gagna úr sjálfsmati fái samhengi við niðurstöðu ársins. Ýmis gagnagreining og umbótastarf mætti koma fram í sjálfsmatsskýrslu því mikið umbótastarf fer fram í skólanum. Þó ekki sé hægt að segja frá öllu á hverju ári gætu sjálfsmatsskýrslur nokkurra ára gefi skýrari mynd af starfsemi skólans. Innra matið þarf að vera umbótamiðað og í sjálfsmatsskýrslu þyrftu að koma fram töluleg og tímasett markmið til langs og skamms tíma. Einnig væri mikið til bóta að fremst í sjálfsmatsskýrslu væri yfirlit yfir efni skýrslunnar og heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Styrkleikar

- Almenn ánægja með stjórnendum skólans
- Traust til skólameistara almennt og fer vaxandi
- Mikil samvinna og samráð yfirstjórnar/framkvæmdastjórnar
- Skýr verkaskipting stjórnenda
- Ánægja með nýtt skipurit og þá dreifstjórnun sem þar birtist
- Skýr stefna til næstu ára mótuð í samráði við starfsfólk
- Vikulegir fundir framkvæmdastjórnar (*Ása fundir*)
- Gott upplýsingastreymi af stjórnendafundum (*Ásapóstur*)
- Gott skipulag á gæðamálum

Tækifæri til umbóta

- Auka samráð við nemendur um stefnumótun
- Virkja samráð um stefnu skólans við foreldra/forsjáraðila
- Halda árlega skólafundi
- Vinna áfram að því að auka traust og ánægju með stjórn skólans
- Skýra stöðu leiðsöguskólans í skipuriti skólans
- Setja gæðamarkmið skólans á heimasíðu
- Stofna sjálfsmatshóp sem komi að innra mati skólans
- Auka aðkomu nemenda og forsjáraðila að innra mati
- Fjölga mælanlegum markmiðum í innra mati
- Setja fram tímasetta umbótaáætlun í innra mati
- Rýna betur gögn úr gæðakerfi og skrá og greina í sjálfsmatsskýrslu
- Rýna betur gögn úr vinnu umbótahópa og skrá og greina í sjálfsmatsskýrslu

Umfjöllun um kennslu og námsframboð

Fjölbreytilegt námsumhverfi, sem er hvetjandi og styðjandi fyrir nemendur, er ein forsenda þess að nemendur eigi þess kost að tileinka sér lykilhæfni sem til dæmis lýtur að sjálfsþekkingu, sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun. Kennsluhættir þurfa að veita öllum nemendum tækifæri til að nýta hæfileika sína og gefa þeim kost á að fá endurgjöf á vinnu sína. Fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum er ein forsenda þess að nemendur öðlist margvíslega hæfni. Mikilvægt er að hafa í huga að mismunandi hæfniviðmiðum er hægt að ná á margvíslegan hátt og að sömu aðferðir henta ekki öllum nemendum jafn vel. Þá mega kennsluhættir ekki mismuna nemendum eftir kynferði, búsetu, uppruna, litarhætti, fötlun, trúarbrögðum, kynhneigð eða félagslegri stöðu.

Nám, kennsla og námsmat

Menntaskólinn í Kópavogi hefur fjölbreytt námsframboð, bóknám til stúdentsprófs, framhaldsskólabrá, starfsbraut, iðnnám og fullorðinsfræðslu á sviði hótél- og matvælagreina og leiðsögunám. Alls eru 894 nemendur við skólann skráðir á 17 námsbrautir auk tveggja kjörsviða innan Leiðsöguskólans.

Alls stunda 532 nemendur nám til stúdentsprófs eða 60% nemenda skólans. Fjórar stúdentsbrautir eru í boði og er opin braut langfjölmennust með 263 nemendur, næstfjölmennust er félags- og hugvísindabraut með 111 nemendur, á viðskipta- og hagfræðibraut eru 98 nemendur og á raungreinabraut eru 60 nemendur. Sjá nánar í töflu 13 hér fyrir aftan. Ný námskrá fyrir stúdentsbrautir Menntaskólans í Kópavogi tók gildi haustið 2021. Alls eru 202 einingar til stúdentsprófs þar af 34 einingar að lágmarki á þriðja hæfniprepi, að hámarki 100 á öðru hæfniprepi og 66 að hámarki á fyrsta hæfniprepi. Náminu er skipt í kjarna, 107-162 einingar, bundið val 20-40 einingar og frjálst val 15-30 einingar og auk þess er pakkaval 40 einingar á opnu brautinni þar sem kjarninn er minnstur því sérhæfingin felst í pakkavalinu. Afreksnemendur í ípróttum eru skráðir á afrekssvið til viðbótar við tiltekna stúdentsbraut og eru afreksnemendur samtals 166 á vorönn 2023, þar af 21 á félags- og hugvísindabraut, 80 á opinni braut, 28 á raungreinabraut og 37 á viðskipta- og hagfræðibraut. Nemendum á afreksípróttasviði hefur fjölgað ört á síðustu árum, sjá mynd 3, og er skólinn í góðu samstarfi við ípróttafélögin í Kópavogi, Breiðablik, HK og Gerplu um afreksípróttir. Þau taka 30 einingar í sinni íprótt bæði verklegt og bóklegt nám. Nýjung í námskránni er að allir nemendur á stúdentsbrautum taka einn áfanga í kjarna í fjármálalæsi, kynjafræði, lýðheilsu og vellíðan og umhverfisfræði. Þá var gerð sú breyting að einstakar félagsgreinar eru ekki lengur skyldunámsgreinar nema á félags- og hugvísindabraut en nemendur á öðrum brautum þurfa að velja einn áfanga og velja á milli sögu, félagsfræði, fjölmiðlafræði og sálfræði. Einstakar raungreinar eru ekki skylda nema á raungreinabraut en nemendur á öðrum brautum þurfa að taka einn áfanga og velja á milli

eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði og líffræði. Þetta er umdeild ákvörðun og var rætt í rýnihópi kennara að slæmt væri að saga er ekki skyldugrein á öllum námsbrautum.



Mynd 10 Nemendur á afrekssviði haustið 2021. (Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2021)

Alls stunda 215 nemendur nám í Hótel- og matvæðaskólanum á iðnnámsbrautum og fullorðinsfræðslu í matvæðum eða 24% nemenda skólans. Í boði er iðnnám í bakaraiðn, framreiðslu, kjötiðn og matreiðslu. Námið er fjögurra ára nám bæði bóklegt og verklegt í Menntaskólanum í Kópavogi 90 einingar og starfsþjálfun á vinnustað, 200 nema í framreiðslu 130 einingar. Námið endar með sveinsprófi á þriðja hæfniprepi sem veitir starfsréttindi í löggiltri iðngrein. Sveinsprófið er tekið í Menntaskólanum í Kópavogi en þangað kemur fimm til sex manna matsnefnd til að meta sveinsstykkið. Starfsfólk telur að breyta mætti tímasetningu sveinsprófa og láta skemmri tíma líða frá lokaprófi í skólanum og sveinsprófinu. Skólinn hefur sett sér það markmið að fjölga nemendum í kjötiðn og framreiðslu og tókst á þessu skólaári að fjölga nemendum í kjötiðn. Nú hefur verið tekin upp rafræn ferilbók nemenda í vinnustaðanámi sem er samskiptavettvangur nemenda, vinnustaða, skóla og annarra sem koma að starfsnámi. Þær innihalda lýsingu á verkþáttum og hæfnikröfum námsins og eiga að auka gæði námsins og tryggja rétt nemenda. Menntamálastofnun hefur umsjón með innleiðingu rafrænnar ferilbókar í vinnustaðanámi. Spennandi verður fyrir skólann að fylgjast með og meta á næstu árum hvernig þessi nýjung reynist. Grunnám matvæla og ferðagreina er almennt nám í boði á fyrsta hæfniprepi og er undirbúningur fyrir iðnnám. Námið er 63 einingar og fara nemendur í 48 kennslustundir í starfskynningar og starfsþjálfun á vinnustað. Fullorðinsfræðsla er í boði í Hótel- og matvæðaskólanum fyrir 23 ára og eldri með þriggja ára starfsreynslu á sínu sviði. Í boði er matartæknanám, 204 fagpróf á þriðja hæfniprepi, matsveinanám, 120 eininga nám á öðru hæfniprepi og meistaranám eftir sveinspróf í bakstri, kjötiðn, framreiðslu og matreiðslu sem lýkur með meistaraþrófi á fjórða hæfniprepi. Þetta nám er dreifnám sem byggist á fjarnámi og staðbundum námslotum. Það skipulag er mjög sveigjanlegt og er til þess að gefa sem flestum á landinu kost á að stunda

starfsréttindanám. Athygli vekur að á heimasíðu skólans er að finna siðareglur í matvæla- og veitingagreinum sem matsaðilar telja jákvætt og til eftirbreytni. Vegna árekstra í stokkatöflu hafa nemendur í Hótel- og matvælasjólanum ekki tækifæri til að skrá sig í afreksíþróttir og mætti gjarnan skoða hvort hægt er að bæta úr því. Nemendum finnst þetta misrétti og gæti hamlað því að afreksíþróttafólk fari í verknám. Nemendur og deildarstjórar í rýnihópum bentu á að það mætti gera námið í hótél og matvælagreinum sýnilegra og að það þyrfti nauðsynlega að auka kynningu á námi við Hótel og matvælasjólan bæði almennt í samfélaginu og sérstaklega fyrir grunnskólanemendum.

Nemendur á framhaldsskólalbrú eru 38 eða 4% nemenda skólans. Framhaldsskólalbrú er fyrir nemendur með C og D í kjarnagreinum og að uppfylltum skilyrðum hafa nemendur úr Kópavogi forgang um skólavist. Áhersla er lögð á að treysta grunn nemenda í kjarnagreinunum dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði og efla jákvætt viðhorf þeirra til náms með jákvæðri skólareynslu. Áhersla er á leiðsagnarnám og sjálfsmat, öflugt umsjónarkerfi og mikið samráð við foreldra/forsjáraðila nemenda. Námið tekur eitt og hálf ári og flestir nemendur halda áfram námi á öðrum brautum skólans að loknu námi á framhaldsskólalbrú.

Nemendur á starfsbraut fyrir einhverfa nemendur eru 21 eða 2% nemenda skólans. Starfsbrautin er fjögurra ára nám ætluð nemendum með greiningu á einhverfurófi og hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla. Markmiðið er að veita nemendum nám við hæfi, bæði bóklegt og verklegt, auka sjálfstæði þeirra, hæfni til félagslegra samskipta og undirbúa þá fyrir frekara nám og þátttöku í atvinnulífinu. Brautin hefur yfir að ráða þremur kennslustofum. Á brautinni starfa deildarstjóri, sérkennari, þroskaþjálfari og þrjár stuðningsfulltrúar. Starfsfólkið fundar vikulega með áfangastjóra um starfsbrautina og er mikil ánægja með þá fundi. Námið er fjögurra ára nám og er kennt samkvæmt skólalagatali Menntaskólans í Kópavogi. Námsgreinar sem kenndar eru á brautinni eru íslenska, enska, stærðfræði, upplýsingatækni, lífsleikni, íþróttir, lýðheilsa, matreiðsla, framreiðsla og bakstur. Nemendur geta sótt áfanga af öðrum brautum og dæmi eru um að nemendur af starfsbraut hafi útskrifast sem stúdentar frá Menntaskólanum í Kópavogi. Nemendur fara í starfskynningar innan skólans t.d. í þvottahúsið, mötuneytið, bókasafn og kjötvinnslu. Erfitt hefur verið að fá almenn fyrirtæki og Kópavogsbæ til að taka nemendur af starfsbraut í starfskynningar og mætti skólinn reyna að bæta úr því. Starfsfólkið telur slæmt að nemendur starfsbrautar hafi ekki aðgang að íþróttahúsi við skólann. Í rýnihópi kom fram að aðgangur að bíl eða leigubílum gæti elft starfið verulega. Hluti nemenda á starfsbraut tekur þátt í félagslífi nemenda og umgangast aðra í námi og frímínútum en flestir halda hópinn út af fyrir sig. Skoða mætti möguleika á að stuðningsfulltrúi starfsbrautar fylgi nemendum af starfsbraut á viðburði og böll hjá nemendafélaginu til að veita þeim meira öryggi og stuðning. Innritun á brautina fer fram í febrúar en opna húsið fer fram í mars þannig að það nýttist

ekki foreldrum/forsjáraðilum barna á starfsbrautinni og telur starfsfólk það bagalegt. Skoða mætti hvort hægt er að seinka innritun á starfsbrautir til loka mars.

Nemendur í Leiðsöguskólanum eru alls 55 eða 6% nemenda skólans. Leiðsöguskólinn hefur starfað frá 1976 og hafa um 1.500 leiðsögumenn útskrifast frá skólanum. Skólinn er leiðandi í leiðsögunámi á landinu. Markmið hans er að útskrifa leiðsögumenn sem eru hæfir til að leiðsega erlendum ferðamönnum um Ísland að námi loku. Nemendur þurfa að vera orðnir 21 árs og inntökuskilyrði er stúdentspróf. Einnig er inntökupróf í því tungumáli sem leiðsögnin verður. Fagstjóri Leiðsöguskólans er í föstu starfi en kennarar eru allir stundakennarar og eru sumir þeirra kennarar við Menntaskólann í Kópavogi en aðrir sérfræðingar frá ýmsum sviðum samfélagsins. Námið byggir á námskrá fyrir leiðsögunám sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu 2004. Starfsfólk vonar að námskráin verði nú endurskoðuð og námið skilgreint á fjórða hæfniprepi þar sem þau telja það eiga heima. Námið er 37 einingar og skiptist í 17 eininga kjarna og 20 eininga kjörsvið. Val er á milli tveggja kjörsviða, almenn leiðsögn og gönguleiðsögn. Miðað er við að náminu sé skipt á tvö ár. Helstu námsþættir eru jarðfræði Íslands, saga Íslands, menning, gróður, dýralíf, atvinnuvegir, bókmenntir og listir. Einnig er fjallað um helstu ferðamannastaði á Íslandi, ferðamannaleiðir, náttúruvernd, umhverfismál, öryggismál og leiðsögutækni. Ýmsar vettvangsferðir eru og í lok náms er farið í hringferð um landið og nemendur æfa sig í leiðsögn á helstu ferðamannastöðum landsins. Aðsókn að náminu minnkaði mikið í COVID19 en er byrjuð að aukast aftur.



Mynd 11 Myndir úr námsferðum Leiðsöguskólans (<https://www.facebook.com/Leidsoguskolinn/>)

Alls eru 33 nemendur skráðir í ótilgreint nám eða 4% nemenda skólans. Sjá nánar í töflu 13 um skiptingu nemenda eftir námsbrautum á vorönn 2023, fjölda nemenda á hverri námsbraut og hlutfall þeirra af heildarnemendafjölda skólans.

Skólanámskrá, almennur hluti, er á heimasíðu skólans og er gott að hafa hann þar í einu PDF skjali. En skjalið er frá 2017 og síðan þá er komin ný námskrá fyrir bóknámið sem innleidd var haustið 2021 þannig

að nú mætti gjarnan uppfæra einnig almenna hluta námskrárinnar. Þar mætti bæta inn kafla um innra starf skólans og setja fram skýra stefnu um kennslu, nám og námsmat.

Erlent samstarf er öflugt í skólanum og er Erasmus+ helsti samstarfsaðilinn. Skólinn er með vottun VET Mobility Charter í starfmenntahluta Erasmus+ sem skapar festu í starfinu. Nemendur og kennarar í Hótel- og matvælskólanum taka þátt í fjölbreyttum verkefnum erlendis. Skólinn er með samninga meðal annars við skóla í Finnlandi, Frakklandi og Belgíu og fara nemendur í þriggja vikna námsferðir erlendis. Einu sinni á ári keppa nemendur í framreiðslu og matreiðslu í norrænni nemakeppni í einhverju Norðurlandanna. Í fyrra fór námshópur í dönsku í námsferð til Danmerkur, námshópur í sögu fór í námsferð til Auschwitz og nemendahópur í raungreinum fór í námsferð til Tékklands. Á þessu ári fara ellefu nemendur og fjórir af starfsfólki starfsbrautarinnar í fimm daga námsferð til Berlínar.

Tafla 13 Skipting nemenda Menntaskólans í Kópavogi á námsbrautir á vorönn 2023.

Námsbraut	Fjöldi vorönn 2023	Hlutfall vorönn 2023
Stúdentsbrautir		
Félags- og hugvísindabraut	111	12,4%
Opin braut	263	29,4%
Raungreinabraut	60	6,7%
Viðskipta- og hagfræðibraut	98	11%
Hótel- og matvælskólinn		
Bakaraiðn	11	1,2%
Framreiðsla	19	2,1%
Kjötiðn	9	1%
Matreiðsla	58	6,5%
Grunndeild matvæla- og ferðagreina	51	5,7%
Matartækninám	14	1,6%
Matsveinanám	24	2,7%
Meistaránám í matvælagreinum	28	3,1%
Ferðafræðinám	1	0,1%
Leiðsöguskólinn	55	6,2%
Framhaldsskólabrú	38	4,3%
Starfsbraut	21	2,3%
Ótilgreint nám	33	3,7%
Samtals:	894	100%

Kennarar

Kennarar skólans eru vel menntaðir og hafa fjölbreytta menntun sem endurspeglar fjölbreytt námsframboð. Jákvætt er að aðeins þrjá kennara vantar kennsluréttindi og er einn þeirra í réttindanámi. En stefna ber að því að hafa eingöngu kennara með kennsluréttindi við skólann eins og kemur fram í starfsmannastefnu skólans. Kennarar eru mjög faglega sjálfstæðir og telja kennarar það lykillinn að ánægju í starfi. Áhersla er lögð á að hafa fjölbreytt nám fyrir breiðan hóp nemenda og mæta nemendum þar sem þeir eru. Hljá og væntumþykja einkennir samskiptin. Námsmat er hefðbundið og önnin skiptist í kennslutíma og próftíma. En lokaprófum hefur fækkað og umræða um símat og leiðsagnarmat hefur aukist meðal kennara. Kennarar ráða samsetningu námsmats og birtist það í námsáætlunum nemenda sem eru í Moodle kennslukerfinu.

Kennarar eru hvattir til nýbreytni í starfi og efla sig í starfi með stöðugri starfsþróun og þróunarstarfi. Skólinn býður upp á gestafyrirlesara og námskeið á starfsdögum. Sautján umbótahópar eru virkir á vorönn 2023, sjá töflu 14. Umbótahópar sem snúa beint að kennsluháttum eru í raungreinum, íslensku, starfsbraut, margmiðlun og fjarnámi. Á síðasta skólaári voru meðal annars þróunarhópar um leiðsagnarnám með kennurum úr ýmsum greinum, um „Thinking classroom“ í stærðfræði sem kennarar í deildinni eru að vinna að og endurskoðun á námskrá matsveina og matartækna.

Tafla 14 Umbótahópar í Menntaskólanum í Kópavogi á vorönn 2023

Umbótahópar á vorönn 2023
Rafræn ferilbók
Grænu skrefin
Lýðheilsuhópur
Jafnréttishópur
Kynning á skólanum
Heimasíðan
Öryggisnefnd
Félagslíf nemenda
Íslandsmót
Raungreinar
Starfsbraut
Íslenskukennsla
Innleiðing á HACCP
Afreksíþróttasvið
Tjáning og samskipti eftir COVID19
Margmiðlunarherbergi
Fjarnám

Í rýnihópum kom fram að jákvætt er tekið í óskir kennara og annars starfsfólks varðandi starfsþróun, nýjungar og tækjakaup en stjórnendur mættu vera meira leiðandi og hvetjandi gagnvart starfsþróun starfsfólks og setja sér stefnu um þau mál. Skólinn er hvattur til að hvetja kennara til að taka þátt í námskeiðum fyrir kennara á netinu. Til dæmis eru nokkur námskeið á vegum HÍ fyrir framhaldsskólakennara undir yfirskriftinni Menntaflétta, sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Sjá nánari lýsingar á Menntamiðjan <https://menntamidja.is/>; <https://menntamidja.is/flokkur/framhaldsskoli/> og á síðu Háskóla Íslands <https://menntavisindastofnun.hi.is/is/starfsthroun/menntaflettan-namssamfelog-i-skola-og-fristundastarfi>

Námsgögn

Rúmgott bókasafn er staðsett í miðju skólans og eru nemendur duglegir að sækja það. Þar eru bæði rými fyrir einstaklingsvinnu og hópinnurými sem nemendur eru ánægðir með. Þar er verið að koma upp rými og tækjabúnaði fyrir nemendur til að taka upp hljóðvörp, sjá mynd 5.

Tölvukostur skólans er mjög góður og allir kennarar og nemendur með fartölvur. Skólinn leggur áherslu á að vera í fararbroddi við innleiðingu tækninýjunga í kennslu og námi.

Inna, upplýsingakerfi framhaldsskólans er nýtt fyrir innritun, skráningu einkunna og viðveru nemenda. Moodle er nýtt sem námskerfi þ.e. fyrir kennsluáætlanir, námsefni, verkefni og próf. Kennarar sem koma úr öðrum skólum vilja gjarnan nýta Innu sem námskerfi og tímabært er að kanna almennt vilja kennara til þess því námskerfi Innu hefur þróast mikið síðustu árin. Einnig er það kostur að hafa allar upplýsingar í einu kerfi og foreldrar/forsjáraðilar nemenda undir 18 ára aldri hafa aðgang að innu sem er mikill kostur.



Mynd 12 Nýr útbúnaður fyrir nemendur Menntaskólans í Kópavogi til að taka upp hljóðvörp

Stuðningur við nemendur

Ýmis stuðningur er í boði fyrir nemendur, þjónusta námsráðgjafa, sálfræðings, hjúkrunarfræðings og umsjónarkerfi með nemendum.

Tveir námsráðgjafar starfa í fullu starfi við skólann og eru þeir talsmenn nemenda og veita einstaklingsbundna þjónustu um námið og ýmis félagsleg og sálræn vandamál. Þær koma einnig að innritun nemenda, námsvali, útskrift og taka viðtöl við nemendur sem hafa slaka mætingu. Þær hafa samskipti við kennara þegar nemendur þurfa sérúrlausnir vegna námserfiðleika eða annarra vandamála. Þær vilja gjarnan fá tækifæri til að koma meira inn í umsjónartímana til dæmis með náms- og starfsfræðslu, kynningu á þjónustu námsráðgjafa fyrir nýnemum og kynna framhaldsnám fyrir útskriftarnemendum. Þær halda árlega kynningarfundum fyrir námsráðgjafa grunnskólanna í Kópavogi og buðu reyndar í fyrra öllum námsráðgjöfum grunnskóla á kynninguna. Einnig hafa þær gott samstarf við námsráðgjafa í Garðabæ og Hafnarfirði og halda fundum með þeim þrisvar á ári. Þær eru einnig í samstarfi við fagfélag sitt og sinna stöðugri starfsþjálfun.

Sálfræðingur byrjaði í 100% starfi frá 1. mars 2023 og er mikil ánægja með þá viðbót við nemendapjónustuna. Hún sinnir einstaklingsbundinni þjónustu við nemendur og þau geta þantað viðtöl beint hjá henni og námsráðgjafar vísa einnig nemendum til hennar. Hún sinnir þjónustu vegna geðraskana, kvíða og ýmissa atburða sem koma upp í lífi nemenda. Í rýnihópi nemenda kom fram ósk um að þjónusta sálfræðings væri auglýst betur meðal nemenda.

Hjúkrunarfræðingur kemur frá Heilsugæslu Kópavogs og er með viðtalstíma fyrir nemendur allt í sjö klukkustundir á viku. Áhersla er á fræðslu og ráðgjöf við vægum vanda tengdum geðheilbrigði, kynheilbrigði, félagslegum vanda og almennu heilbrigði.

Öflugt umsjónarkerfi er sem veitir mikið utanumhald um nemendur sem talið er nauðsynlegt fyrir breiðan nemendahóp skólans. Umsjónartímar eru í stundatöflu í fjórar annir og er sami umsjónarkennari með hvern nemenda allar fjórar annirnar. Einnig er umsjón á síðustu önn fyrir útskriftarnemendur. Í umsjónartímum er meðal annars fjallað um skipulag skólastarfsins, námið, námsval og mætingu nemenda.

Nemendur eru hlyntir því að fá íþróttahús við skólann en telja mikilvægt núna að skólinn auki kynningu á dagskrá í Sporthúsinu og hvernig best er að velja tækin sem þar eru í boði. Töldu nemendur upplagt að hafa þetta sem hluta af nýnemakynningu og einnig mætti nýta umsjónartíma fyrir kynningu á starfseminni í Sporthúsinu.

Styrkleikar

- Fjölbreytt námsframboð bæði bóknám og verknám
- Faglegt sjálfstæði kennara í starfi
- Framarlega í tækninýjungum
- Öflug starfsbraut fyrir einhverfa nemendur
- Vikulegir fundir áfangastjóra með starfsfólki starfsbrautar
- Áhersla á jafnréttismál og umhverfismál með sérstökum vikum um þau málefni
- Öflugt umsjónarkerfi
- Öflugt erlent samstarf
- Rafræn ferilbók innleidd í vinnustaðanámi iðnnema
- Siðareglur í matvæla- og veitingagreinum á heimasíðu

Tækifæri til umbóta

- Uppfæra almennan hluta skólanámskrár og setja á heimasíðuna
- Fjölga nemendum í verknámi og fullorðinsfræðslu
- Auka kynningu á námi við Hótel og matvælkólann bæði almennt og sérstaklega fyrir grunnskólanemendum
- Veita nemendum í Hótel- og matvælkólanum tækifæri til að vera einnig á afreksíþróttasviði.
- Koma á samstarfi við Kópavogsbæ um að taka við nemendum á starfsbraut í starfskynningar
- Skoða hvort seinka megi innritun á starfsbrautir til marsloka
- Endurskoða námskrá leiðsögunáms og færa leiðsögunám á fjórða hæfniprep
- Kanna vilja kennara til að innleiða Innu sem námskerfi í skólanum
- Kynna betur fyrir nemendum mögulega nýtingu tækjakost Sporthússins

Umfjöllun um samskipti og líðan

Allt skólasamfélagið þarf að vera meðvitað um það hlutverk framhaldsskólans að hafa velferð nemenda í fyrirrúmi. Velferð og heilbrigði krefst þess að líkamlegum, andlegum og félagslegum þáttum nemenda sé sinnt. Uppeldisstarf skóla miðar að því að nemendur verði virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðissamfélagi, virði jafnrétti í samskiptum og taki ábyrga afstöðu til eigin velferðar og annarra. Hér skiptir skólabragurinn, samskipti innan skóla sem utan og virk þátttaka nemenda í mótun skólasamfélagsins, höfuðmáli.

Skólabragur og líðan

Að mati nemenda og starfsfólks er skólabragur góður og taka matsaðilar undir þetta mat. Þegar komið er inn í skólann er hann bjartur og snyrtilegur. Farið er úr útiskóm við innganginn og setur það heimilislegan blæ á annars stóran skóla. Nemendur virðast ganga vel um skólann og á förnum vegi bregðast þeir vel við spurningum matsaðila. Afslappað og jákvætt andrúmsloft einkennir skólann. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að bæði nemendum og starfsfólki líður almennt vel í skólanum.

Mælingar Rannsóknar og greiningar á ungu fólki í framhaldsskólum frá 2021 styðja þessa upplifun en þar kemur fram að langstærstum hluta nemenda líður vel í skólanum. Engu að síður er að meðaltali 10% nemenda sem líður illa í skólanum. Þegar hlutfall þeirra sem segjast líða illa í skólanum milli ára 2018 til 2021 er skoðað kemur í ljós að strákum sem líður illa hefur fækkað en stelpum sem líður illa hefur fjölgað lítillega. Við samanburð á kynjum kemur hins vegar í ljós að í mælingu ársins 2021 eru stelpur sem líður illa orðnar tvöfalt fleiri en strákar sem líður illa eða 13% á móti 5%. Fylgjast þarf með þessari neikvæðu þróun á líðan stelpna. Nemendum finnst álagið í námi vera að aukast. Aðspurð um hvort námið sé of þungt svara 39% stelpa skólans að svo sé árið 2021 en 26% árið 2018 meðan sambærilegar tölur hjá strákum eru árið 23% 2021 en 16% árið 2018. Báðum kynjum finnst því álagið hafa aukist. Svipuðu hlutfalli stráka og stelpna leiðist námið eða um 30% og hefur það lítið breyst frá 2018. Þetta er ívið meira en almennt í framhaldsskólum og umhugsunarvert að hjá stelpum hefur leiðinn aukist úr 18% í 31% frá 2018 til 2021. Bjartsýni framhaldsskólanema almennt hefur dalað frá 2018 og á það einnig við um nemendur Menntaskólans í Kópavogi. Fylgjast þarf með þessum breytingum og kannski sérstaklega á breytingum á líðan nemenda. Ekki er spurt um önnur kyn í könnunum Rannsóknar og greiningar.


Skólastjórnendur eru meðvitaðir um þessa þróun og hafa aukið aðgengi nemenda að sálfræðingi með því að ráða sálfræðing í fullt starf við skólann frá og með 1. mars. Einnig ætlar skólinn að fylgjast jafnar með

líðan nemenda á næstu árum með því að taka þátt í Skólalúlsinum næsta haust og er undirbúningur undir það hafinn. Þá gefst tækifæri til þess að fylgjast jafnt og þétt með líðan nemenda.

Jákvætt er að þegar litið er á viðhorf nemenda til náms má sjá að mun færri telja námið tilgangslaust bæði meðal stelpna og stráka. Milli ára 2018 og 2021 hefur strákum sem telja námið tilgangslaust fækkað um 11% en stúlkum um 16%. Þetta er jákvæðari viðsnúningur hjá stelpum en almennt meðal framhaldsskólanemenda en strákarnir eru enn aðeins hærri en meðaltal framhaldsskólanema.


Í gögnum Rannsóknar og greiningar frá 2021 meta nemendur Menntaskólans í Kópavogi aðgang að náms- og starfsráðgjöf aðeins betri en almennt. Árið 2021 finnst 82% auðvelt að fá ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjöfum samanborið við 77% árið 2018. Í rýnihópum nemenda kom fram að þeir telja sig hafa góðan aðgang að náms- og starfsráðgjöfum sem bæði geta leyst úr þeirra málum innan skólans eða vísað áfram. Mikil ánægja kom fram hjá nemendum með þjónustu náms- og starfsráðgjafa og að auknir möguleikar séu á því að nýta sér þjónustu sálfræðings. Þetta er mjög jákvæð þróun.

Í gögnum Rannsóknar og greiningar frá 2021 kemur einnig fram að stærstum hluta nemenda, eða 82%, finnst auðvelt að fá ráðgjöf frá kennurum. Þetta er endurspeglad í rýnihópum með nemendum bæði bók- og verknáms. Þeir segja að auðvelt sé að nálgast kennara með spurningar hvort heldur sem er vegna ákveðinnar kennslugreinar eða námsins almennt. Í áfangamati haustanna 2021 og voranna 2022 segja um 85% nemenda að samskipti við kennara séu alltaf eða oftast góð þar af tæplega tveir þriðju að þau séu alltaf góð, sjá mynd 13.



Mynd 13 Samskipti við kennara - áfangamat 2021 haust og 2022 vor


Um 80% nemenda telja að vinnufriður sé alltaf eða oftast góður og svipað hlutfall telur að kennari komi námsefni vel frá sér. Heilt yfir virðast nemendur skólans ánægðir með kennara og kennsluna en í rýnihópum kom fram að þeim fyndist að kennsluaðferðir mættu vera fjölbreyttari og er það í samræmi við gögn Rannsóknar og greiningar þar sem 76% nemenda finnst kennslan vera fjölbreytt sem er aðeins lægra hlutfall en í framhaldsskólum almennt. Í stórum áfangaskóla eins og Menntaskólanum í Kópavogi vilja nemendur oft tínast í hópnum og eiga erfitt að átta sig á kerfinu. Í nýju umsjónarkerfi eru nemendur í föstum umsjónartímum vikulega fyrstu tvö árin. Nýtt umsjónarkerfi eru umbætur sem vinna að því að bæta líðan nemenda, auðvelda þeim samskipti sín á milli og við kennara og stjórnendur auk þess sem þetta skapar betra aðhald með þeim. Í rýnihópum með nemendum kom fram almenn ánægja með að vera í föstum umsjónartímum fyrstu tvö árin. Í nýnemakönnun haustið 2021 kemur fram að rúmum 63% nýnema það haustið finnst gagnlegt að hafa umsjónarkennara en rúm 18% taka ekki afstöðu. Áhugavert væri að sjá hvað þessi hópur segir þegar líður á námið, sjá mynd 14.



Mynd 14 Umsjónarkennarar - nýnemakönnun 2021 haust

Líkamsrækt er nú til dags talinn mikilvægur hluti af heilsu og líðan einstaklinga. Þegar skoðuð eru svör nemenda Menntaskólanum í Kópavogi um hversu mikið þau hreyfi sig svo þau mæðist verulega eða svitni má sjá að stelpur skólans hreyfa sig sjaldnar en jafnöldur þeirra í öðrum framhaldsskólum. Þær sem segjast nær aldrei hreyfa sig eru 8% fleiri en almennt. Hjá strákum er sambærilegur munur 2%. Helmingur stráka hreyfa sig meira en fjórum sinnum í viku sem er aðeins yfir meðaltali stráka í framhaldsskólum, sjá mynd 15. Þegar samanburður milli Menntaskólans í Kópavogi og framhaldsskóla almennt er skoðaður virðist ljóst

að hreyfing að gagni meðal nemenda skólans er minni en í framhaldsskólum almennt þrátt fyrir að við skólann sé afrekssvið íþróttá. Almenn hreyfing nemenda er því eitthvað sem huga þarf að.




Mynd 15 Samanburður á líkamlegri áreynslu – Rannsóknir og greining

Ekkert líkamsræktarhús er við skólann en nemendur hafa aðgang að líkamsræktarstöðvum á eigin ábyrgð. Í rýnihópi kom fram að nemendur eru misánægðir með það fyrirkomulag. Mikill tími utan skólatíma fari í að koma sér á líkamsræktarstöð sem skólinn er með samning við. Nemendur eru ekki allir uppburðarmiklir og mörgum finnst erfitt að fara inn á stóra stöð og skipuleggja eigin líkamsrækt. Engin leiðsögn sé um hvernig er best að nýta líkamsræktarstöðina til heilsueflingar er til staðar heldur einungis leiðsögn um praktísk atriði svo sem hvernig á að skrá sig inn og fleira. Nemendur sjá í hillungum nútímalega og fjölbreytta líkamsræktaráfanga líkt og eru í mörgum sambærilegum skólum. Ljóst er að ekki fer fram skipuleg kennsla í líkamsrækt og heilsueflingu í líkamsræktarstöð líkt og í kennslustundum í líkamsrækt. Flestir eru sammála um það að fræðsla um gildi líkamsræktar og hvatning til þess að nemendur finni líkamsrækt sem þeim hentar sé mikilvægt starf í framhaldsskóla. Markviss kennsla í íþróttum og íþróttufræði á afrekssviði kallar líka eftir bættri aðstöðu. Matsaðilar taka því undir með skólastjórnendum og nemendum að mikilvægt sé að við skólann verði reist líkamsræktarhús þar sem þessum mikilvæga þætti í skólastarfinu verði hægt að sinna með viðunandi hætti.

Forvarnarfulltrúi starfar við skólann og virðist það starf skólans skila sér ágætlega. Þeir nemendur skólans sem segjast hafa orðið ölvuð einu sinni eða oftar síðastliðna 30 daga, árin 2000-2021, er samkvæmt könnun

Rannsóknar og greiningar lægri en almennt meðal framhaldsskólanema. Þetta endurspeglast í upplifun bæði nemenda og kennara sem segja að drykkja á viðburðum á vegum skólans hafi minnkað mikið. Þátttaka í edrúpotti, þar sem nemendum gefst kostur á að blása í áfengismæli til þess að taka þátt og eiga möguleika til þess fá vinning. Á fyrsta balli haustsins voru fimm vinningar að upphæð 20.000 kr. hver vinningur. Ágæt þátttaka var í edrúpotti á því balli og lítil vandræði vegna drykkju. Markvisst forvarnarstarf er unnið í samstarfi forvarnarfulltrúa skólans, stjórnenda og nemenda. Reykingar hafa minnkað mikið og nánast horfið meðal nemenda Menntaskólans í Kópavogi eins og annarra framhaldsskóla. Hins vegar hefur notkun rafsígarettu aukist sem og hlutfall þeirra sem nota nikótínþúða er þó nokkuð meiri hjá strákum undir 18 en hjá að meðaltali í öðrum framhaldsskólum, sjá mynd 16. Í viðtölum við forvarnarfulltrúa og nemendur kom fram að þau gera sér grein fyrir þessari stöðu og innan skólans er tekið strangt á því að ekki sé verið að neyta nikótíns í einhverju formi í skólanum.



Mynd 16 Aukin notkun nikótínþúða í framhaldsskólum

Við skólann er starfandi jafnréttisfulltrúi sem vinnur að jafnréttismálum í skólanum alla daga en er einnig kallaður inn þegar eitthvað sérstakt kallar á aðkomu hennar. Jafnréttisfulltrúi vinnur einnig með jafnréttisráði nemenda að jafnréttismálum. Nemendur eru ánægðir með starf jafnréttisfulltrúa. Jafnréttisvika er stór viðburður í skólanum á hverju vori sem nemendur segjast hlakka til. Áherslan er á fræðslu um jafnrétti í víðri mynd. Nemendur taka mikinn þátt í undirbúningi með því að skreyta skólann og hafa áhrif á dagskrá vikunnar. Fyrirlestrar um ýmis jafnréttismál eru í matsal skólans á hverjum degi en

Það er háð áhuga og vilja kennaranna hvort kennsla er brotin upp með því að sækja fyrirlestur. Í rýnihópi með nemendum kom fram að þau myndu vilja meira frelsi til þess að sækja fyrirlestra þó svo þau skilji að stundum geti verið áreksstur við próf eða mikilvæg verkefni. Hefð er orðin fyrir því að Páll Óskar skemmti í hádegi á lokadaginn og að stjórnendur framreiði pylsur og meðlæti nemendum til mikillar ánægju. Jafnréttisvika hefur verið haldin árlega frá því árið 2007.

Félagslíf nemenda

Félagslíf nemenda er líflegt og fjölbreytt. Margar nefndir eru á vegum nemendafélags svo sem skemmti-, íþrótt-, vídeó-, tækni-, jafnréttis- og fjölmiðlanefnd svo nokkrar séu taldar upp af þeim ellefu sem starfa á vegum nemendafélagsins. Fjölmiðlanefnd er að vinna að árbók sem kemur út í vor. Hún á að sýna fjölbreytt starf í skólanum og þar verða myndir af viðburðum, fræðslu og skemmtiefni. Nemendur telja að árbókin geti nýst til þess að kynna skólann fyrir grunnskólanemendum. Haldnir eru ýmsir viðburðir s.s. íþróttamót, kósíkvöld, vídeókvöld og komið saman til þess að horfa á íþróttaviðburði sem er sjónvarpað eða eru á netinu. Þar sem þau hafa ekki aðstöðu til þess að koma saman á kvöldin í skólanum fá þau gjarnan að koma saman í félagsheimilinu Molanum í Hamraborginni. Nemendastjórn hefur yfir þremur herbergjum að ráða sem nýtast sem nemendastjórnarherbergi, hlaðvarps (podkast) herbergi og „chill“ eða afslöppunarherbergi. Þau eru þakklát fyrir þessi herbergi sem þau segja að nýtist vel.

Nemendafélagið lítur á sig sem félag allra nemenda skólans en er þó einkum samsett úr nemendum bóknáms og nemendum á fyrsta ári. Allir nýnemar byrja í bóklegu námi fyrsta árið hvort sem þeir eru skráðir á verklega eða bóklega braut skólans. Eftir fyrsta árið fara nemendur Hótel- og matvæaskólans í verknám og losnar því um aðkomu þeirra að félagslífi nemenda. Þetta birtist í því að stjórn nemendafélagsins, sem skipuð er nemendum á seinni hluta náms, er að mestu skipuð nemendum í bóknámi og allt félagsstarf miðar að bóknámshlutanum þar sem nemendur eru samfelt í skólanum í hefðbundin þrjú til fjögur ár. Enginn fulltrúi verknámsnemenda er í stjórninni. Í stjórninni var einn fulltrúi á fyrri hluta skólaársins en svo bauðst honum námssamningur og þá var enginn tími til að sinna nemendafélaginu. Nemendastjórnin segir þetta dæmigert fyrir hvernig þetta gengur fyrir sig og þó þau séu öll að vilja gerð hafi reynst erfitt að fá nemendur Hótel- og matvæaskólans að starfi nemendafélagsins. Það kemur til af því að þegar grunndeild lýkur eftir fyrsta árið fara þau sem halda áfram á brautum Hótel- og matvæaskólans í fyrstu lotu starfsnáms sem fram fer utan skólans. Nemendurnir Hótel- og matvæaskólans stjórnast því af öðrum takti en nemendur í bóknámi og setur það þeim nokkrar skorður þegar kemur að þátttöku í nemendafélagi og félagslífi dagskólans. Nemendur Hótel- og matvæaskólans eru líka mörg eldri en hefðbundnir bóknámsnemendur enda meiri breidd í aldri þegar kemur að

framreiðslu-, matreiðslu- eða bakaranámi. Námsbrautir Hótel- og matvælasólans gefa þó kost á samvinnu milli nemendafélagsins og verknámsnemenda um til dæmis veitingar á árshátíð nemendafélagsins sem um leið er æfing fyrir verknámsnemendur á seinni árum.

Nemendafélagið rekur öflugt leikfélag sem heldur uppi metnaðarfullu starfi. Í meðfylgjandi frétt á heimasíðu skólans er sagt frá styrk til leikfélagsins frá Kópavogsbæ.

 MENNTASKÓLINN
Í KÓPAVOGI

09.12.2022

Leikfélag Menntaskólans í Kópavogi fékk úthlutað styrk úr Lista- og menningarjóði Kópavogs þann 8. desember vegna uppsetningu leikfélagsins á Litlu hryllingsbúðinni í mars n.k.

Hjördís Silja Karvelsdóttir formaður leikfélagsins tók á móti styrknun sem var að andvirði kr. 300.000.

Soffía Karlsdóttir starfsmaður sjóðsins afhenti styrkinn við glæðilega athöfn í Salnum ásamt 26 öðrum styrkþegum.

Styrkurinn kemur sér afar vel fyrir leikfélagið sem er að setja upp óvenju glæsilega sýningu á vorönn í tilefni að 50 ára afmæli skólans.

Kópavogsbær hefur einnig útvegað skólanum vinnuástöðu vegna leikmundaæðar oð erum við afar bakklát.



Hjördís Silja Karvelsdóttir formaður leikfélagsins ásamt Soffíu Karlsdóttur starfsmanni Lista- og menningarsjóðs

Mynd 17 Styrkur til leikfélags Menntaskólans í Kópavogi

Stjórn nemendafélagsins leggur áherslu á að taka hlýlega á móti öllum nýnemum með ýmsum viðburðum og nýnemaferð að hausti. Lögð er áhersla á að koma þeim inn í allar nefndir að hausti þannig að þeir fái sem fyrst aðgang að ákvarðanatöku nemendafélagsins.

Stærri böll eru haldin fjórum til fimm sinnum yfir skólaárið að meðtalinni árshátíð með sitjandi borðhaldi. Nemendastjórnin segir þátttöku nemenda góða á stærri viðburði en minni þátttaka í litlum viðburðum. Á fótboltamótum, hvort sem er innan skólans eða milli framhaldsskóla, er yfirleitt mikil þátttaka og þá nýtist þeim afrekssvið skólans vel. Erfiðlega gengur að fá foreldra/forsjáraðila til samstarfs þar sem ekkert foreldraráð er við skólann. Þau hafa reynt að fá foreldra/forsjáraðila til aðstoðar við foreldrarölt fyrir utan

Þegar böll eru haldin en gengið það illa að þau hafa gefist upp á því. Matsaðilar telja að þarna sé enn ein ástæða fyrir því að reyna að endurvekja starf foreldraráðs.

Nemendafélagið á í góðu samstarfi við stjórnendur og er ánægt með leiðbeiningar og aðstoð frá félagsmálafulltrúa. Félagsmálafulltrúi er kennari sem jafnframt er forvarna- og jafnréttisfulltrúi. Hún er tengiliður milli nemenda og stjórnenda og lýsir því þannig að hún sé eins og fasteignasali sem hafi hagsmuni beggja aðila fyrir brjósti.

Önnur samskipti

Skólinn er í mestum samskiptum við foreldra/forsjáraðilar í upphafi náms unglिंगanna. Haldinn er foreldrafundur fyrir foreldra nýnema og fá foreldrar/forsjáraðilar tölvupóst reglulega með upplýsingum um það sem er á döfinni. Nýja umsjónarkerfið þar sem nemendur eru í umsjónartímum fyrstu tvö árin viðheldur lengur virku samstarfi við foreldra/forsjáraðila.

Foreldrar/forsjáraðilar nemenda sem eru yngri en 18 ára hafa aðgang að öllum upplýsingum nemendaumsjónarkerfisins Innu um þeirra unglिंग. Í því kerfi er m.a. haldið utan um mætingar nemenda og lokaekunnir. Skólinn notar kennslukerfið Moodle til þess að halda utan um allt sem við kemur kennslu s.s. kennsluáætlun og einkunnir sem gefnar eru á önninni. Foreldrar/forsjáraðilar hafa ekki aðgang að því kerfi sem gerir þeim erfitt eða ómögulegt að fylgjast með námsframvindu unglingsins jafnt og þétt yfir önnina. Matsaðilar hvetja til þess að tekið sé upp kennslukerfi sem geri foreldrum/forsjáraðilum kleift að fylgjast jafnt og þétt með framvindu náms námsmanns á þeirra ábyrgð til 18 ára aldurs.

Skólinn er í samstarfi við fjölmarga vinnustaði sem taka verknámsnemendur í starfsnám. Nemendur þurfa að halda ferilbók um starfsnámið. Ferilbókin hefur nú verið sett á rafrænt form. Aukið samstarf hefur því verið við upptöku rafrænu ferilbókarinnar.

Skólinn er einnig í góðu samstarfi við íþróttafélög í bæjarfélaginu vegna nemenda afreksíþróttabrautar.

Starfsemi foreldraráðs er engin þessa stundina og var lítil þar á undan. Erfiðlega hefur gengið að viðhalda virku starfi foreldrafélags. Í rýnihópi með nemendum kom fram að þau hefðu viljað geta leitað til foreldrafélags til þess að fá foreldra/forsjáraðila í foreldrarölt í kringum böll skólans.

Skólinn er í hefðbundnu samstarfi við grunnskóla um innritun nýnema að hausti. Náms- og starfsráðgjafar taka þátt í að kynna skólann í skólum í nágrenninu og á höfuðborgarsvæðinu öllu.

Menntaskólinn í Kópavogi hefur haft það fyrir sið lengi að bjóða afmælisárgöngum útskrifaðra nemenda í kaffi og meðlæti í boði skólans. Með því viðhalda þau tengslum við skólann sem velunnarar hans úti í þjóðfélaginu.

Skólinn tekur virkan þátt í erlendu samstarfi. Eðlilegur hluti af skólastarfinu eru nemendaskipti og sendir skólinn nemendur út og tekur við hópum að utan.

Ekki eru mikil samskipti við háskóla og það þyrfti að bæta.

Styrkleikar

- Góður skólabragur
- Góðar niðurstöður úr áfangamati nemenda
- Góð samskipti nemenda og kennara
- Öflugt félagslíf nemenda
- Forvarnarstarf vegna reykinga og áfengisnotkunar gengur vel
- Jákvætt viðhorf nemenda til jafnréttisviku

Tækifæri til umbóta

- Taka þarf í notkun kennsluumhverfi sem gerir foreldrum kleift að fylgjast jafnt og þétt með námi barna sinna til 18 ára aldur
- Bæta félagsaðstöðu nemenda
- Hvetja til meiri blöndunar nemenda úr bók- og verknámi í nemendastjórn og félagslífi
- Auka forvarnir vegna notkunar nikótínþúða
- Stuðla að virku foreldrafélagi
- Auka samstarf við háskóla

Umfjöllun um húsnæði og aðbúnað

Allt skólahúsnæði skal uppfylla kröfur laga um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Einnig ber að uppfylla kröfur heilbrigðis- og byggingaryfirvalda til slíkra mannvirkja. Húsnæði, skólalóð og allur aðbúnaður þarf að vera þannig úr garði gerður að unnt sé að ná markmiðum laga um framhaldsskóla og aðalnámskrár framhaldsskóla. Er þar sérstaklega átt við að húsnæðið henti þeirri starfsemi sem þar fer fram og nemendum og starfsfólki skóla sé tryggt öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi sem skapar öryggi og vellíðan.

Húsnæði og búnaður

Hús skólans er stórt en það er bjart og hlýlegt. Húsnæðið skiptist í nokkrar álmur sem byggðar eru á mismunandi tímum og hafa mismunandi hlutverk en mynda eina heild. Stofur eru bjartar, snyrtilegar og vel tækjum búnaðar bæði í bók- og verknámshluta skólans. Bóknámsstofur eru flestar með hefðbundnum innréttingum þar sem nemendur sitja á móti tússtöflu eða borðum er raðað í hring. Kennarar hafa frelsi til þess að breyta uppöðun en í svo fjölbreyttum skóla þarf að vera ákveðið skipulag fyrir næsta kennara. Tilraunir stærðfræðikennara í kennslu hafa orðið til þess að settar hafa verið upp tússtöflur allan hringinn í a.m.k. einni stofu. Raungreinastofur eru vel útbúnar tækjum til efna- og eðlisfræðikennslu og ýmsum tækjum til líffræðikennslu svo sem smásjám. Kennarar bóknáms eru ánægðir með aðstöðu og endurnýjun kennslutækja.

Hótel- og matvælasbólinn er eini skóli sinnar tegundar á Íslandi og mikið kappsmál hjá kennurum skólans og stjórnendum að aðstaða sé til fyrirmyndar, sjá mynd 18.



Mynd 18 Verknámsstofur

Endurnýjun tækja til kennslu regluleg og nýjustu tæki til staðar til kennslu. Virk áætlun um endurnýjun tækja og aðstöðu og góð samskipti við atvinnulífið og innflytjendur tækja sem þarf til matargerðar og baksturs gera það að verkum að aðstaða er til fyrirmyndar og vekur aðdáun þeirra sem sækja skólann heim. Kennarar verknáms eru því mjög ánægðir með aðstöðu til verknáms.

Mikil ánægja er meðal starfsfólks með endurnýjaða kaffistofu skólans, sjá mynd 19. Þar er hlýleg og þægileg aðstaða til þess að hvílast í hópi samstarfsfólks milli kennslustunda. Hljóðvist hefur verið bætt og þægilegum húsgögnum komið fyrir þannig að auðvelt er að finna næði eða setjast saman í smærri hópum.



Mynd 19 Kaffistofa starfsfólks

Vinnuaðstaða kennara er góð. Hver kennari hefur eigið vinnuborð í sameiginlegri aðstöðu kennara sem staðsett er í miðsvæðis í skólanum og hefur fartölvu frá skólanum sem endurnýjuð er reglulega. Í viðtölum kom fram að kennarar eru ánægðir með viðbrögð við óskum um ný tæki. Skólinn var með þeim fyrstu til þess að taka tölvur inn í daglegt nám nemenda og gerði snemma kröfu um að nemendur kæmu með eigin fartölvu í skólann. Þetta gerði kennurum mögulegt að breyta kennsluháttum án þess að hafa áhyggjur af aðgangi nemenda að fartölvum.

Kennslutæki í stofum eru endurnýjuð reglulega s.s. gagnvirkar töflur og skjávarpar. Verið er að gera tilraun með að taka í notkun stóra flatskjái sem tengdir eru beint við tölvu kennarans með einum smelli. Þetta gefur fleiri möguleika en hefðbundinn skjávarpi. Tölvu- og tæknimál eru að mati kennara í hraðri framþróun í skólanum og skólinn nýtur þess að hafa mjög áhugasama tölvu- og tæknimenn. Kennarar segjast hvattir til að nýta sér nýjungar í kennslu og að stjórnendur bregðist vel við óskum þeirra.


Bókasafn skólans er bjart og falletgt, sjá mynd 20. Þar er geta nemendur unnið sem einstaklingar í næði eða fengið aðgang að herbergi til hópvinnu. Bókasafnið er vel búið af bæði bókum og tækjum. Betri aðstöðu vantar þó fyrir starfsmann safnsins en unnið er að úrbótum við því. Í viðtölum við nemendur og starfsfólk kom fram almenn ánægja með starfsemi bókasafns og viðmót starfsfólks.



Mynd 20 Bókasafnið

Innkaupastjóri heldur utan um öll innkaup til skólans, hvort sem er vegna sér þarfa Hótel- og matvæðaskólans eða almenns skólastarfs. Þetta gerir skólanum kleift að stjórna innkaupum á hagkvæman hátt og leita góðra tilboða. Skólinn hefur aðgangskerfi bæði í kennslustofur á kennslutíma og inn í húsið eftir lokun. Aðgangskerfið gerir mögulegt að vera með einn umsjónarmann fasteignar þrátt fyrir að starfið í skólanum dreifist á síðdegi og kvöld.

Almenn ánægja er með mótuneyti skólans bæði hjá starfsfólki og nemendum. Mótuneyti skólans er vel nýtt og nemendur og starfsfólk gerir sér grein fyrir að það nýtur þess að vera í skóla þar sem unnið er með mat og framreiðslu. Hollur matur er í boði og hugað er að umhverfisstefnu m.a. með því að greitt er fyrir matinn eftir þyngd, sjá mynd 20. Þetta er hluti af umhverfisstefnu skólans til þess að stuðla að minni matarsóun og hefur mælst vel fyrir.



Mynd 21 Afgreiðslukerfi mótuneytis og mótuneyti nemenda

Þrátt fyrir stórt og að mörgu leiti gott húsnæði vantar skólann líkamsræktarhús sem staðsett er á lóð skólans og nýtist til faglegrar og nútímalegrar líkamsræktarkennslu. Í kafla 2.1.5 í námskrá framhaldsskóla segir:

Í skóla, sem leggur áherslu á daglega hreyfingu og markvisst hreyfiuppeldi, er lagður grunnur að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð til lífstíðar. Veita þarf fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfingar. Taka þarf mið af þessu í íþróttakennslu og öllu öðru skólastarfi. Í skólaumhverfinu þarf á sama hátt að stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Leggja þarf áherslu á uppeldis- og félagslegt gildi máltíða meðal annars með því að gefa nægan tíma til að nærast.

Mynd 22 Aðalnámskrá framhaldsskóla kafli 2.1.5

Skólinn hefur við núverandi aðstæður ekki möguleika á að veita fræðslu um hreyfingu, efla hreyfifærni og skapa öruggt umhverfi sem hvetur alla til hreyfinga. Í viðtölum við nemendur kom skýrt fram að aðgangur að almennri líkamsræktarstöð uppfyllir ekki þessi skilyrði um fræðslu um fjölbreytta hreyfingu. Auk þess töluðu nemendur um að mörgum þætti erfitt að fara án félaga í stóra líkamsræktarstöð og myndu oft til óöryggis þegar þangað væri komið. Matsaðilar taka því undir með nemendum og stjórnendum og hvetja til þess að byggt verði líkamsræktarhús við skólann.

Í tengslum við líkamsræktarhús þyrfti einnig að leysa vanda sívaxandi starfsbrautar skólans sem vantar sérhæft húsnæði fyrir sína starfsemi. Í dag er brautin í kennslustofum sem hafa verið aðlagðar að starfseminni og fær auk þess aðgang að bóknámsstofum sem staðsettar eru nálægt ef þörf krefur. Skólinn hefur langa sögu um að þjóna vel þeim nemendum sem þangað sækja en telur núverandi húsnæði vera

orðið hamlandi. Matsaðilar taka undir að þrátt fyrir að starfsfólk starfsbrautar vinni gott starf við núverandi aðstæður þurfi þessi starfsemi sérhannað húsnæði.

Styrkleikar

- Bjart og fallett húsnæði
- Góð aðstaða fyrir verknám í Hótel- og matvæskólanum
- Góð aðstaða fyrir bóknám
- Gott og vel nýtt bókasafn
- Góð endurnýjun tölva og tækja til kennslu
- Björt og hlýleg kennarastofa
- Verknámsaðstaða vel tækjum búin
- Endurnýjunaráætlun húsnæðis og tækja virk
- Ánægja með mötuneyti nemenda og starfsfólks

Tækifæri til umbóta

- Byggja þarf líkamsræktarhús við skólann
- Bæta aðstöðu starfsbrautar með sérhæfðu húsnæði
- Bæta aðstöðu til samkomuhalds í skólanum
- Bæta félagsaðstöðu nemenda

Umfjöllun um lykilárangur

Framhaldsskólum er ætlað að stuðla að þroska nemenda þannig að þeir geti tekið virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi með skapandi og gagnrýnum hætti. Þeim er einnig ætlað að búa nemendur undir frekara nám og þátttöku í atvinnulífi. Árangur er vandmeðfarið hugtak, ekki síst í menntun þar sem markmiðin eru flókin og langtímaárangur oftast illmælanlegur. Mat skólans á árangri skólstarfsins takmarkast því við mælanlega þætti sem tengjast markmiðum skólans og lögbundnu hlutverki þeirra. Mikilvægt er að skólinn noti viðurkenndar aðferðir til að mæla árangur af skólstarfinu og skýr viðmið til að meta niðurstöður mælinga.

Námsárangur

Mat á árangri skólstarfsins má meðal annars mæla út frá tölulegum mælikvörðum um brotthvarf, mætingu, útskriftarhlutfall og námsárangur nemenda.

Brotthvarf nemenda minnkaði úr 4,25% í 2,5% frá 2019 til 2020 en hækkaði síðan aftur í 4,1% 2021 en þá jókst brotthvarf almennt í framhaldsskólum vegna COVID19. Nú þarf skólinn að taka þráðinn upp aftur frá því fyrir COVID19 og efla áfram aðgerðir sem minnka brotthvarf nemenda.

Mæting nemenda mætti vera betra en hún var 69% á vorönn 2022 og 78% á haustönn 2022. Finna þarf leiðir til að auka mætingu nemenda í skólann til að auka skilvirkni í náminu og bæta námsárangur.

Skólinn er sáttur við útskriftarhlutfall nemenda og telur það ná markmiðum skólans.

Matsaðilar hafa ekki upplýsingar um námsárangur nemenda en kennarar faggreina fara yfir og skrifa um námsmat í áfangaskýrslum sínum sem tilheyra ISO9001 gæðakerfinu. Ef um frávík er að ræða til dæmis mikið fall þá er óskað eftir því að námsmatið sé sérstaklega rætt á deildarfundi og leiðir fundnar til að bæta úr því.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, almennum hluta eru læsi, tjáning og samskipti, sköpun, lýðræði, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sjálfbærni (2011). Samkvæmt skólanámskrá er leitast við að tvinna grunnþætti menntunar inn í allar námsgreinar. Skólinn metur það svo að nemendur hafi tileinkað sér flesta grunnþætti menntunar og styðja matsaðilar þá niðurstöðu en auka mætti áherslu á tjáningu, samræður og samskipti nemenda í kennslustundum samkvæmt rýnihópi nemenda. Í lokaverkefni nemenda á stúdentsbrautum reynir á upplýsingalæsi og sjálfstæð vinnubrögð. Sama gildir um

fjölbreytt verkefni í verknámi í hótél- og veitingagreinum sem og í leiðsögunáminu. Forvarnardagur er nýttur vel til að efla forvarnir. Kynjafræði og umhverfisfræði eru skylduáfangar á bóknámsbrautum og mikil áhersla lögð á þessi málefni. Sérstakar vikur eru árlega tileinkaðar jafnréttismálum og umhverfismálum og fjölbreytt fræðsludagskrá þá í boði fyrir nemendur. Unnið er með grænt bókhald og fylgt stefnu um græn skref í ríkisrekstri. Áhersla er lögð á flokkun sorps. Matur er seldur samkvæmt þyngd í mótuneyti nemenda bæði til að sporna gegn matarsóun og til að gera nemendur meðvitaðri um þau málefni. Skólinn gæti skoðað þátttöku í Grænánaverkefni Landverndar til að auka þátttöku nemenda enn frekar í umhverfisvernd innan skólans.

Langtímaárangur

Fyrir COVID19 var gerð könnun meðal fyrrverandi nemenda Menntaskólans í Kópavogi en hún hefur ekki verið endurtekin. Hugmynd var sett fram í rýnihópi stjórnenda um að gott væri að hafa rýnihóp fyrrverandi nemenda þremur til fimm árum eftir útskrift og ræða þar um hvernig námið í skólanum hefur nýst í áframhaldandi námi og starfi. Matsaðilar telja þetta góða hugmynd og einnig væri gott að halda áfram að leggja fyrir könnun meðal fyrrverandi nemenda Menntaskólans í Kópavogi.

Skólinn leggur áherslu á að laga sig að breyttum kröfum í samfélaginu og hefur gert það til dæmis með endurskoðun á námsinnihaldi stúdentsbrauta, áherslu á afreksnám í íþróttum, rafræna ferlibók í vinnustaðanámi, stöðugt samstarf við atvinnurekendur í hótél- og matvælagreinum sem og ferðamannaþjónustu. Áhersla er á að uppfæra tölvur reglulega, fylgjast með tækninýjungum til dæmis í matvælagreinum og það nýjasta eru upptökutæki fyrir hljóðvörp sem kennarar í tungumálum eru spenntir fyrir að nýta sér. Í stjórnun er verið að prófa nýjung með valddreifingu með mannaforráð á nokkra yfirstjórnendur eins og hefur verið fjallað um í kaflanum um stjórnun og verður spennandi fyrir skólann að kanna viðhorf starfsfólks til þessarar nýbreytni á næstu árum.

Styrkleikar

- Brotthvarf minnkaði fyrir COVID19
- Áhersla á jafnréttismál og umhverfismál með sérstökum vikum tileinkuðum þeim málefnum
- Mætir vel kröfum um tækninýjungar
- Spennandi nýjung um valddreifingu í yfirstjórnun

Tækifæri til umbóta

- Auka áherslu á að efla grunnþátt menntunar í tjáningu og samskiptum
- Finna leiðir til að auka mætingu nemenda í skólann
- Skoða mætti þátttöku skólans í Grænfánaverkefni Landverndar
- Það mætti hafa rýnihóp fyrrverandi nemenda skólans þremur til fimm árum eftir útskrift til að ræða hvernig námið nýtist í áframhaldandi námi og starfi
- Gera mætti reglulega könnun meðal brautskráðra nemenda um afdrif þeirra og viðhorf þeirra til þess hvernig námið nýtist þeim í frekara námi og í atvinnulífinu
- Auka mætti tengsl við háskóla m.a. í þeim tilgangi að fá upplýsingar um námsgengi nemenda á háskólastiginu

Heimildir

- Aðalnámskrá framhaldsskóla. Almennur hluti. (2011). Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Reykjavík.
- Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2021.
https://www.mk.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla_2021.pdf
- Ársskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2020. <https://www.mk.is/static/files/arsskyrslur/arsskyrsla-2020.pdf>
- Áætlun fyrir innri og ytri úttektir á gæðakerfum 2022-2024
https://www.mk.is/static/files/sjalfsmatsaaetlanir/gat-003b_2022-2024.pdf
- Áætlun fyrir kannanir á viðhorfi viðskiptamanna, innanhúsathuganir innkaupa og húsnæðis vor og haust árin 2022-2024. https://www.mk.is/static/files/sjalfsmatsaaetlanir/gat-003a_2022-2024.pdf
- Lög um framhaldsskóla. Nr. 92 12. júní 2008. (2008). Reykjavík: Alþingi.
<https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008092.html>
- Menntaskólinn í Kópavogi. Ytra mat 2017. (2017). Úttekt unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti. Védís Grönvold og Þórir Ólafsson
- Nýnemakönnun 2021 niðurstöður. Menntaskólinn í Kópavogi.
- Rýnihópaviðtöl voru tekin við áfangastjóra og kennslustjóra, námsráðgjafa og sálfræðing, deildarstjóra, kennara, nemendur í verknámi, starfsfólk á þjónustusviði, deildarstjóra og fulltrúa kennara Leiðsöguskólanum, deildarstjóra, þroskaþjálfara og sérkennara á starfsbraut, formann og fulltrúa úr stjórn nemendafélags sem einnig voru fulltrúar nemenda í bóknámi, félagslífsfulltrúa og forvarnarfulltrúa og við fulltrúa úr matsnefnd Menntaskólans í Kópavogi (7.-9. mars 2023).
- Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2020-2021.
<https://www.mk.is/static/files/sjalfsmatsskyrslur/sjalfsmatsskyrsla-mk-2020-2021.pdf>
- Sjálfsmatsskýrsla Menntaskólans í Kópavogi 2021-2022.
https://www.mk.is/static/files/sjalfsmatsskyrslur/sjalfsmatsskyrsla-mk-21-til-22-utg_vor22.pdf
- Skipurit Menntaskólans í Kópavogi. <https://www.mk.is/static/files/almennt/skipurit.pdf>
- Skóladagatal Menntaskólans í Kópavogi 2022-2023. <https://www.mk.is/static/files/skolinn/skoladagatal-2022-2023.pdf>
- Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi, almennur hluti. (2017).
<https://www.mk.is/static/files/namsskra/skolanamsskra17.pdf>
- Skólanámskrá Menntaskólans í Kópavogi. Námsbrautalýsingar.
<https://www.mk.is/is/namsleidir/boknam/framhaldsskolabraut>
- Stefnumiðuð áætlun Menntaskólans í Kópavogi 2023-2025 til mennta- og barnamálaráðuneytisins.

- Tölulegar upplýsingar frá Menntaskólanum í Kópavogi sendar matsaðilum samkvæmt beiðni.
- Ungt fólk. Lýðheilsa framhaldsskólanema. Niðurstöður rannsókna meðal framhaldsskólanema á Íslandi 2021. Unnið fyrir Menntaskólann í Kópavogi. (2021). Reykjavík: Rannsóknir og greining
- Úrbótaáætlun vegna ytra mats 2017. Menntaskólinn í Kópavogi.
- Vefur Menntaskólans í Kópavogi. <https://www.mk.is/>
- Viðtöl voru tekin við skólameistara, aðstoðarskólameistara, framkvæmdastjóra Hótel- og matvæðaskólans og formann skólanefndar Menntaskólans í Kópavogi (7. til 9. mars 2023).